

ANNA BJÖRK EINARSDÓTTIR

Öreigaskáldsagan og heimsbókmenntir útnáranna¹

Alþjóðasamband skáldsagnahöfunda

Í bók sinni *Culture in the Age of Three Worlds* (Menning á tímum þriggja heima, 2004) fjallar bandaríski bókmenntafræðingurinn Michael Denning um það sem hann kallar alþjóðasamband skáldsagnahöfunda (e. *the novelist' international*) sem hann segir að hafi mótað bókmenntasögu 20. aldar og þá sérstaklega sögu skáldsögunnar. Samkvæmt honum er hugtakið ætlað að ná utan um þær bókmenntahreyfingar sem spruttu upp í tengslum við alþjóðlega baráttu verkalýðsins á 20. öld og voru oft tengdar við staðbundna stjórnmálaflokka á vinstri vængnum. Denning rekur því rætur heimsskáldsögunnar (e. *world novel, global novel*) aftur til töfraraunsæisins sem spratt fram á tímum kalda stríðsins og þaðan aftur til öreigabókmennta millistríðsáranna og róttækni þess tímabils. Þessar bókmenntahreyfingar „umbyltu sögu skáldsögunnar“, skrifar Denning, og „endursköpuðu landslag [hennar].“ Öreigabókmenntahreyfing millistríðsáranna var enn fremur „fyrsta meðvitaða tilraunin til að skapa heimsbókmenntir“.² Sem dæmi um slíka meðvitund má skoða yfirlýsingu bandaríska öreigaskáldsins Mikes Gold (1894–1967) í tímaritinu *New Masses* frá 1930 þar sem hann skrifar: „Ég trúí því að ég hafi fyrstur höfunda í Ameríku boðað tilurð öreigaheimsbókmennta sem spretta fram samhliða tilurð heimsoreigans.“ Í yfirlýsingunni svarar Gold borgaralegum gagnrýnendum sem efast um tilvist og gæði öreigabókmennta

¹ Þessi grein er hluti af rannsóknarverkefniinu „Öreigabókmenntir jaðrana: Róttækar bókmenntir millistríðsáranna (1918–1939)“. Verkefnið var styrkt af nýdoktorsstyrk Rannsóknasjóðs Rannsóknamiðstöðvar Íslands (Rannís).

² Michael Denning, *Culture in the Age of Three Worlds*, London: Verso, 2004, bls. 53. Allar þýðingar eru höfundar nema annars sé getið.



og segir „bíðið í tíu ár“, síðan bætir hann við: „Við færðum ykkur Lenín; við munum færa ykkur Shakespeare öreiganna líka; ef það er svona mikilvægt“.³ Fimm árum seinna skrifar Kristinn E. Andrésson (1901–1973) yfirlitsgrein um þessar nýju heimsbókmenntir í fyrsta tölublað *Rauðra þenna* og lýsir þar yfir að nú sé hafinn nýr kafli í bókmenntasögu heimsins. Þessi kafli sé ólíkur fyrri umsvifingum bókmenntasögunnar — til dæmis, „þegar leiftraði fram úr myrkri svartrar nætur dagur Goethes, Schillers og Heines“ eða þegar „Emile Zola leiddi fram úr fylgnum Parísar nýjan veruleik, og naturalisminn varð hið máttuga orð“ ásamt mörgum „þrumuröddum“ á borð við Ibsen, Tolstoj og Brandes — vegna þess að „[h]inar eldri bókmenntastefnur náðu aðeins um nokkur lönd, á meðan sú, sem nú er að hefjast, grípur um allan heim“.⁴

Í grein Kristins birtast svipaðar hugmyndir um bókmenntasöguna og í skrifum Gold sem og fjölmargra annarra höfunda þessa tímabils. Áhersla er lögð á að nú sé stigin fram ný alþjóðleg verkalýðsstétt — *heimsöreiginn* í grein Gold — og að sú stétt tilheyri nýrri alþjóðlegri samfélagsgerð og heimsmarkaði hennar, kapítalisma. Það er þessi þróun sem getur af sér nýja bókmenntastefnu sem samkvæmt Kristni „rís [...] af dýpra grunni og er fullkomnara eðlis“ en þær sem á undan komu.⁵ Líkt og Christoph Schaub hefur bent á þá vísuðu þeir sem tóku þátt í umræðum um þessa nýju bókmenntastefnu langoftast til hennar með hugtakinu *heimsbókmenntir*.⁶ Að skeyta orðum á borð við *alþjóðasinn- aðar* og *raudar* við hugtakið er því aðeins nauðsynlegt frá sjónarhóli samtímans sem á erfitt með að samþætta ríkjandi heimsbókmenntahugtak við byltingarbókmenntir fortíðarinnar. Enda felst í heimsbókmenntahugtaki róttækra pólitískra hreyfinga 20. aldar allt önnur sýn á sögu og virkni heimsbókmenntanna en finna má í þeirri umræðu sem hefur verið ráðandi um hugtakið síðan á tíunda áratugnum. Sú umræða er stundum rakin til franska bókmenntafræðingsins Pascale Casanova og skrifa hennar um félagslega virkni bókmenntakerfisins, bandaríska bókmenntafræðingsins David Damrosch og áherslu hans á dreifingu bókmennta þvert á landamæri og þjóðtungur, sem og rannsókna ítalska bókmenntafræðingsins Franco Moretti á sviði stafrænnar bókmenntafræði og tilrauna hans til að ná utan um magn og umfang bókmenntanna með megindegum aðferðum fjarlesturs (e. *distant reading*).⁷

³ Michael Gold, „Proletarian Realism“, *New Masses* 6: 4/1930, bls. 3–5, hér bls. 4.

⁴ Kristinn E. Andrésson, „Ný bókmenntastefna“, *Rauðir þennar* 1/1935, bls. 13–14.

⁵ Sama rit, bls. 14.

⁶ Christoph Schaub, „World Literature and Socialist Internationalism in the Weimar Republic. Five Theses“, *New German Critique* 48: 1/2021, bls. 153–180, hér bls. 154.

⁷ Pascale Casanova, *The World Republic of Letters*, Cambridge: Harvard University Press,

Blómatími umræðunnar um heimsbókmenntir (1990–2010) einkenndist af fjölbreyttum aðferðum og nálgunum á heimsbókmenntahugtakið. Þó má greina sameiginlegan grunn í því hvernig heimsbókmenntafræðin hverfast að miklu leyti um rannsóknir á markaðsdrifnum dreifingarkerfum bókmenntanna sem og því stigveldi sem ákvarðar hvaða bókmenntir og höfundar skuli tilheyra heimskanónunni. Fjölmargir hafa bent á að meginstraumsumræðan um heimsbókmenntir miðist mjög við vestræna bókmenntasögu og taki ekki nægilegt tillit til ólíkra hefða sem og bókmenntakerfa sem stjórnudust ekki eingöngu af vestrænum kapitalisma og þrá þjóðríkja eftir að eignast fulltrúa innan heimskanónunnar. Þannig hafa Katerina Clark, Rossen Djagalov, Monica Popescu og fleiri bent á að aldamótaumræðan um heimsbókmenntir hafi horft fram hjá því hvernig pólitískar hugsjónir og barátta höfðu áhrif á flæði bókmennta um heiminn á 20. öld.⁸ Í áðurnefndri grein Denning staðsetur hann alþjóðasamband skáldsagnahöfunda í návígi við heimsbyltinguna og baráttuna fyrir henni á 20. öld í öllum þeim ólíku formum sem hún tók á sig. Enn fremur dregur hann upp nokkuð gagnlega mynd af sögulegri þróun slíkra bókmennta og tengir við pólitískar sviptingar á vinstri væng stjórnmalanna.

Á síðari hluta 19. aldar var skáldsagan, samkvæmt Denning, „ekki miðlæg í sósíalískri menningarhugsun“.⁹ Þess í stað einkenndist tímabilið af áherslunni á ljóð og leiklist sem og áhuga róttækra samfélagshugsuða á borð við Marx og Engels á hinni borgaralegu skáldsögu. Undir lok 19. aldar og byrjun þeirrar 20. má greina rætur hinnar sósíalísku skáldsögu í skrifum Émiles Zola sem og metsüluhöfunda á borð við sovésk-rússneska höfundinn Maksím Gorkij (1886–1936), bandaríska höfundinn Upton Sinclair (1878–1968), danska höfundinn Martin Andersen Nexø (1869–1954) og spænska höfundinn Pío Baroja (1878–1956).¹⁰ Þessir höfundar, ásamt fjölmörgum öðrum, urðu fljótlega að klassík—„hinir gömlu meistara sósíalískra bókmennta“— sem næsta kynslóð byltingarsinnaðra höfunda vísaði til og sótti fyrirmyndir sínar í.¹¹ Það var þó

2004. David Damrosch, *What is World Literature?*, Princeton: Princeton University Press, 2003. Franco Moretti, *Graphs, Maps, Trees. Abstract Models for a Literary History*, London: Verso, 2005.

⁸ Katerina Clark, *Moscow, the Fourth Rome. Stalinism, Cosmopolitanism, and the Evolution of Soviet Culture, 1931-1941*, Boston: Harvard University Press, 2011. Monica Popescu, *At Penpoint. African Literatures, Postcolonial Studies, and the Cold War*, Durham: Duke University Press, 2020. Rossen Djagalov, *From Internationalism to Postcolonialism. Literature and Cinema Between the Second and the Third Worlds*, Montreal: McGill-Queen's University Press, 2020.

⁹ Michael Denning, *Culture in the Age of Three Worlds*, bls. 55.

¹⁰ Fjallað er um Upton Sinclair í grein Hauks Ingvarssonar og Martin Anderson Nexø í grein Magnusar Nilsson og Nicklas Freisleben Lund annars staðar í þessu hefti *Ritsins*.

¹¹ Michael Denning, *Culture in the Age of Three Worlds*, 239.

ekki fyrr en með Þriðja alþjóðasambandi kommúnista (1919–1943) sem skipu-
lagt menningarstarf á alþjóðlegum vettvangi hófst. Eftir Rússnesku byltinguna
1917 hefst gróskumikið tímabil kennt við Proletkult-hreyfinguna í Sovétríkj-
unum sem teygir anga sína um allan heim fram undir miðbik fjórða áratugarins
þegar fagurfræði samfylkingarinnar (e. *popular front*) tók við í aðdraganda seinni
heimsstyrjaldarinnar.

Á tímum kalda stríðsins einkenndust bókmenntir róttækra pólitískra hreyf-
inga einkum af þjóðfrelsisbaráttu þriðja heims ríkja sem og róttækra hreyfinga
stúdenta og annarra hópa sem kenndu sig við nýja vinstrið. Rossen Djagalov og
Masha Salazkina hafa bent á að kvikmyndaiðnaðurinn hafi orðið fyrirferðar-
meiri í alþjóðlegu menningarstarfi Sovétríkjanna á eftirstriðsárunum. Í nýlegum
skrifum þeirra um kvikmyndaiðnaðinn hafa þau meðal annars beint sjónum að
Tashkent-kvikmyndahátíðinni í Úsbekistan sem fyrst var haldin árið 1968 og
varð fljótlega „sá staður þar sem hægt var að sjá hvað fjölbreyttast úrval kvik-
mynda frá öðrum stöðum en Evrópu og Norður-Ameríku“.¹² Enn fremur hafa
fræðimenn á borð við Monicu Popescu og Peter J. Kalliney fjallað um margvísleg
tengsl afrískra, asískra og karabískra bókmennta við annan heiminn og menning-
arstarfsemi þar. Popescu leggur til að mynda áherslu á samstöðupólítík afrískra
og asískra rithöfunda og hvernig henni var oft miðlað í gegnum sósíalíska men-
ningarstarfsemi annars heimsins á meðan Kalliney kortleggur fagurfræði kalda
stríðsins og bendir á að höfundar þriðja heimsins hafi átt greiðan aðgang að
menningarstofnunum fyrsta og annars heimsins.¹³ Eftir fall Sovétríkjanna og þar
með þriggjaheimakerfisins hefst nýtt tímabil sem einkennist, samkvæmt Michael
Denning, af því að „von og fagurfræði alþjóðasambands skáldsagnahöfunda er
gleymd, bæld saga sem lúrir bak við hnattvædda skáldsögu samtímans“.¹⁴ Hann
nefnir höfunda á borð við kólumbíska höfundinn Gabriel García Márquez
(1927–2014), egypska höfundinn Naguib Mahfouz (1911–2006), suður-afríska
höfundinn Nadine Gordimer (1923–2014), portúgalska höfundinn José Sara-
mago (1922–2009), bandaríska höfundinn Paule Marshall (1929–2019) og indó-
nesíska höfundinn Pramoedya Ananta Toer (1925–2006) og segir verk þeirra

¹² Rossen Djagalov og Masha Salazkina, „Tashkent ’68. A Cinematic Contact Zone“, *Slavic Review* 75: 2/2016, bls. 279–298, hér bls. 280. Sjá einnig umræðu um sósíalíska heimsk-
vikmyndaiðnað eftirstriðsáranna í Masha Salazkina, *World Socialist Cinema. Alliances, Af-
finites, and Solidarities in the Global Cold War*, Oakland: University of California Press, 2023.

¹³ Monica Popescu, „Afro-Asian Internationalism. Leftist Solidarities During the Cold War“, *PMLA* 136: 5/2021, bls. 800–808. Peter J. Kalliney, *The Aesthetic Cold War. Deco-
lization and Global Literature*, Princeton: Princeton University Press, 2022.

¹⁴ Michael Denning, *Culture in the Age of Three Worlds*, bls. 72.

eiga rætur að rekja til þeirra alþjóðlegu bókmenntastefna sem hér eru kenndar við rauðar heimsbókmenntir.¹⁵

Í því sem á eftir fer held ég mig við þá tímabilaskiptingu sem Denning setur fram í grein sinni um alþjóðasamband skáldsagnahöfunda, eða því sem mætti einnig kalla hraðferð hans yfir sögu rauðra heimsbókmennta á 20. öld. Hér er sjónum beint að opnunarkafla þessarar sögu eða augnablikinu sem Kristinn E. Andrésson fjallar um í grein sinni „Ný bókmenntastefna“ í fyrsta tölublaði *Rauðra penna* frá árinu 1935 og lýsir sem nýrri dögum og ljúfum vorboða í bókmenntasögu heimsins.¹⁶ Í íslenskrri bókmenntasögu er þetta tímabil gjarnan kennt við *Rauða penna* og tilraunir rithöfunda til að skapa umhverfi fyrir byltingarsinnaðar bókmenntir hér á landi. Á Íslandi, sem og annars staðar, eru þessar bókmenntir oft settar í samhengi við bókmenntasögu Sovétríkjanna eða vestrænar hugmyndir fólks um þá sögu. Sú umræða hverfist þá um spurningar sem má rekja aftur til tíma kalda stríðsins og markast mjög af flóknu sambandi nýja vinstris 7. og 8. áratugarins við vinstrihreyfingar millistríðsáranna, gamla vinstrið. Í þessari umræðu er lögð áhersla á að hjarga höfundum frá fordæmingu og þöggun með því að draga úr áhrifum alþjóðlegra bókmenntastefna og pólitík á skrif þeirra og hugmyndir. Spurningar á borð við þær hvort ákveðnir höfundar hafi nokkuð verið kommúnistar, hvort þeir hafi í raun og veru skrifað sósíalískt raunsæi (og þá jafnvel löngu áður en sú stefna varð til), eða hvort þeir hafi nú skammast sín nóg á eftirstríðsárunum fyrir yfirlýsingagleði og pólitík ungdómsáranna, má finna í viðtökusögu fjölmargra höfunda. Í stað þess að fara yfir þessa viðtökusögu kalda stríðsins er sjónum hér beint að öreigaskáldsögum millistríðsáranna og þær lesnar í samhengi við bæði alþjóðlegar stefnur og strauma í pólitík og listum sem og í samhengi við þær efnahags- og samfélagsbreytingar sem áttu sér stað á þessum tíma. Greinin skoðar öreigastefnuna og skáldsögu hennar frá ýmsum jaðarsvæðum: frá nokkrum þjóðlöndum Rómönsku Ameríku og Norðurlandanna, sem og frá jaðarsettum svæðum og hópum innan Bandaríkjanna. Þannig er tekist á við öreigaskáldsöguna og hvernig hún mótaðist af og tókst á við *misgenga þróun* (e. *uneven development*) án þess að miða þá umræðu eingöngu við menningarmiðjur borgaralegrar menningar (Frakkland, England) né heldur ört vaxandi menningarmiðjur hins sósíalíska heims (hinna nýstofnuðu Sovétríkjá og Mexíkó). Með þessu móti er ætlunin að varpa ljósi á þau bókmenntaform sem öreigastefnan skóp og setja þau í samhengi við pólitískt og efnahagslegt

¹⁵ Sama rit, bls. 51–52. Höfundarnir sem Denning tiltekur hér eru allir velþekktir og margir hlutu Nóbelsverðlaunin í bókmenntum. Einungis Paule Marshall og Pramodya Ananta Toer hlutu þau ekki en sá síðarnefndi var margorðaður við verðlaunin.

¹⁶ Kristinn E. Andrésson, „Ný bókmenntastefna“, bls. 14.

landslag þessa tímabils sem og varpa ljósi á stað þessarar stefnu og bókmenntaforms hennar innan sögu 20. aldar bókmennta.

Greininni er skipt í þrjá hluta sem er ætlað að gefa innsýn í ólík svið þessarar hreyfingar sem og að skoða hvernig sú nálgun sem hefur sig yfir orðræðu og hugmyndafræðilegt landslag kalda stríðsins getur opnað upp nýja fleti á skrifum bæði vel þekkttra og virtra höfundar sem og annarra sem lögðu fram krafta sína til að skapa nýja hefð heimbókmennta sem hér eru kenndar við rauðar heimbókmenntir. Í fyrsta hluta er tekist á við miðlægt hlutverk leiguliða, húsmennskufólks og kotbænda í pólitík og skáldskap þessa tímabils og þá sérstaklega í skrifum sænska verkalýðsskáldsins Ivars Lo-Johansson (1901–1990) en þó einnig með vísan í skáldsögu ekvadoríska rithöfundarins Jorge Icaza (1906–1978). Í þessari umræðu er jarðöreiginn eins og Lo-Johansson komst að orði, staðsettur innan landslags alþjóðlegrar pólitískrar orðræðu þessa tíma sem snerist að miklu leyti um landbúnaðarspurninguna¹⁷ svokölluðu og hvaða hlutverk jarðöreiginn gæti haft í heimsbyltingunni. Í öðrum hluta greinarinnar er epískt raunsæi til skoðunar og það sett í samhengi við kenningar um misgenga þróun sem og það hlutverk sem goðsögn öreigans, eða það sem perúski marxistinn José Carlos Mariátegui (1894–1930) kallaði *ægifegurð öreigans* (sp. *lo sublime proletario*), gegnir fyrir epík öreigans. Hér eru skrif perúíska rithöfundarins José María Arguedas (1911–1969) og íslenska þjóðskáldsins Halldórs Laxness (1902–1998) til umræðu og varpað er fram nýrri túlkun á skáldsögum þeirra, *Heimsljós* og *Yávar fiesta*. Í þriðja hluta greinarinnar er sjónum beint að bókmenntaformum öreigahreyfingarinnar og þá sérstaklega hópskáldsögunni og þeim tilraunum sem öreigaskáldin gerðu til að komast undan fargi hinnar borgaralegu eða raunsæju 19. aldar skáldsögu. Hér eru skrif bandaríska öreigaskáldsins Mikes Gold og brasilísku skáldkonunnar og röttæklingins Patriciu Galvão (1910–1962) skoðuð og rýnt í þau bókmenntaform sem öreigahöfundarnir þróuðu til þess að segja sögu hópsins, fjöldans, innan forms skáldsögunnar. Allir eiga höfundarnir það sameiginlegt að hafa tekið sér það verkefni að skrifa öreigaskáldsögur á millistríðsaratímabilinu.¹⁸

¹⁷ Í stuttu máli hverfðist landbúnaðarspurningin um þróun frá landbúnaðarsamfélögum til iðnaðarsamfélaga. Hana má rekja til umræðna um þróun og útþenslu kapítals á síðari hluta 19. aldar og við upphaf þeirrar 20. Skrif Jósefs Stalíns og Vladímirs Leníns um landbúnað eru til að mynda vel þekkt.

¹⁸ Þess ber þó að geta að röttækar bókmenntir tímabilsins voru ekki alltaf kallaðar sömu nöfnunum. Hér er notað samheitið öreigabókmenntir enda var það algengasta heitið sem notað var yfir þessa bókmenntastefnu. Þá skarast öreigaskáldsagan oft við önnur bókmenntaform og ýmis staðbundin heiti — sem dæmi má nefna hugtök á borð við „félagslegu skáldsöguna“, „la novela social“, „la novela indigenista“ og svona mætti lengi telja — en dæmin sem hér eru skoðuð bera öll einkenni þeirrar stefnu sem kalla má einu nafni öreigastefnuna.

Þótt viðtökusaga höfundanna einkennist stundum af því að þeir hafi verið lesnir *frá* hreyfingunni eða staðsettir í fjarlægð við hana þá voru þeir allir þátttakendur í pólitískri róttækni vinstrisins á millistríðsáratímabilinu og lögðu hönd á plóg við það að skapa hreyfingunni nýja fagurfræði.

Ætlunin er ekki að kortleggja alla mögulega þræði öreigaskáldsögu jaðranna né fara yfir það hvernig verkin hafa verið lesið innan samhengis þeirra þjóðarbókmennta sem þær tilheyra.¹⁹ Þess í stað er leitast við að opna upp þær spurningar sem blasa við þegar fengist er við þessar bókmenntir með aðferðafræði samanburðarbókmenntafræði. Með þessu móti má greina þær alþjóðlegu stefnur sem einkenna öreigaskáldsöguna eins og hún birtist á jaðarsvæðum hins kapítalíska heims — sem var í gríðarlega hraðri þróun á þessum tíma — sem og hins sósíalíska heims sem var einnig í mikilli þenslu og myndaði flókið heimskerfi sem tengdi saman ólíka staði um allan heim í efnahagslegu, pólitísku og menningarlegu samhengi. Þá mætti segja að þessi grein sé síðbúið svar við ákalli Michael Denning eftir samanburðarrannsóknum á öreigaskáldsögunni sem alþjóðlegu fyrirbæri sem varð til á ólíkum stöðum á millistríðsárunum. Í því samhengi er gagnlegt að styðjast við kenningar brasilíska bókmenntafræðingsins Roberto Schwarz um heimsbókmenntir á jöðrum hins kapítalíska heims. Í ritgerð hans „Hugmyndir úr stað“ sem birtist í þessu *Riti* í íslenskrri þýðingu fæst Schwarz við stöðu brasilísks 19. aldar raunsæis á jaðri heimskerfis kapítalismans og hér mun ég fást við öreigaskáldsöguna í samhengi við miðjur og jaðra, ekki bara hins kapítalíska heimskerfis heldur einnig þess kerfis sem spratt fram á 20. öldinni í samkeppni við það, hið nýja framtíðarland sósíalismans.

¹⁹ Til að mynda er ekki rými hér til að fara yfir flókin tengsl öreigahreyfingarinnar við hinar ýmsu framúrstefnuhreyfingar. Á mörgum stöðum runnu þessir hópar saman á ákveðnum tímapunktum meðan annars staðar var mikil togstreita á milli þeirra. Seinni tíma bókmenntafræði hefur haft tilhneigingu til að færa höfunda sem tilheyrdðu öreigastefnunni yfir í hóp framúrstefnuskáldanna og bjarga þeim þannig undan fargi kalda stríðsins. Sem dæmi má nefna ríkjandi nálgun á bókmenntir og listir millistríðsáranna í fræðilegri umræðu í Rómönsku Ameríku þar sem fjallað hefur verið um tímabilið á forsendum framúrstefnuhreyfinganna en lítið tillit tekið til öreigahreyfingarinnar. Þannig hafa til dæmis höfundar á borð við argentínska rithöfundinn Roberto Arlt og perúska skáldið César Vallejo verið fluttir yfir í hóp framúrstefnuhöfundanna og lítið verið gert úr tengingum þeirra við öreigahreyfinguna. Dæmi um þessa tilhneigingu má til að mynda finna í skrifum Vicky Unruh um framúrstefnuhreyfingar Rómönsku Ameríku. Sjá Vicky Unruh, *Latin American Vanguards. The Art of Contentious Encounters*, Berkeley: University of California Press, 1994. Sjá einnig umfjöllun í Steven S. Lee, *The Ethnic Avant-Garde. Minority Cultures and World Revolution*, New York: Columbia University Press, 2015, þar sem hann tekst á við sama vandamál þegar kemur að umræðum um framúrstefnuhreyfingarnar, rússnesku byltinguna og róttæka baráttu minnihlutahópa.

Öreigar jarðarinnar: Heimabylting og húsmennskufólk

Hugtakið *jarðöreigi* kemur fyrir í skrifum sænska verkálýðs- og öreigaskáldsins Ivars Lo-Johansson á fjórða áratugnum.²⁰ Einnig notar hann það sem titil á bók sinni *Jordproletärerna* frá árinu 1941 þar sem hann heldur áfram að þróa það bókmenntaform sem gæti náð utan um það sem hann kallaði „þjóðlega öreigaepík sænskra landbúnaðarverkamanna“ í handriti sínu að *Statarna I-II* (1936–1937).²¹ Með útgáfu *Statarna I-II* kvað við nýjan tón í skrifum Lo-Johanssons. Í fyrri verkum sínum, til dæmis *Godnatt, jord* (1933) og *Kungsgata* (1935),²² hafði Lo-Johansson fengist við að skrifa þroskasögur um sveitastráka sem alast upp við fátækt en öðlast stéttarvitund samhliða því að þróa með sér skilning á listrænni sköpun og skrifum. Eins og Jón Magnússon benti á í grein sinni „Sænsk öreigaskáld“ sem birtist í *Rauðum pennum* árið 1938 var Lo-Johansson einn af helstu höfundum nýrrar kynslóðar rithöfunda í Svíþjóð sem „hafa tekizt á hendur að skrifa sögu sinnar kynslóðar, en til þess að skilja hverja kynslóð og lífsviðhorf hennar, er nauðsynlegt að afla sér vitneskju um þau kjör, sem hún hefir orðið að búa við í æsku.“²³ Jón Magnússon benti enn fremur á að í nýjstu bók Lo-Johanssons, *Statarna I-II*, sé safnað saman frásögnum „úr lífi leiguliðanna, stéttar, sem um langan aldur hefir sætt dæmafárru kúgun“ og að í kjölfar skrifa Lo-Johanssons hafi sænska ríkisstjórnin fyrirskipað nefnd til að rannsaka kjör þeirra sem á sænsku nefnast *statare*.²⁴ Hugtakið sem Jón þýðir sem leiguliðar en er í öðrum skrifum um verk Lo-Johanssonar á íslensku stundum þýtt sem húsmenn eða húsmennskufólk²⁵ nær yfir sænskan þjóðfélagshóp sem á sér ekki beina hliðstæðu í

²⁰ Um verk Lo-Johansson, sjá einnig grein Magnusar Nilsson og Nicklas Lund annars staðar í þessu sérhefti *Ritsins*.

²¹ Setningin kemur úr handritinu að *Statarna I* sem Lo-Johansson sendi útgefanda sínum. Hún var fjarlægð úr handritinu áður en kom að útgáfunni en sýnir vel þau plön sem Lo-Johansson hafði fyrir verið í heild sinni. Sjá Lars Furuland, „Ivar Lo-Johansson och de proletära karolinerna. En studie av novellsamlingen Statarna, främst dess komposition“, *Samlaren* 1966, bls. 135–145, hér bls. 142.

²² *Kungsgata* kom út í íslenskri þýðingu Gunnars Benediktsonar árið 1944 undir titlinum *Gatan*. Ivar Lo-Johansson, *Gatan*, þýðandi Gunnar Benediktsson, Reykjavík: Víkingsútgáfan, 1944.

²³ Jón Magnússon, „Sænsk öreigaskáld“, *Rauðir pennar* 3/1938, bls. 127–135, hér bls. 135.

²⁴ Sama rit, bls. 131.

²⁵ Sjá til dæmis umfjöllun í *Alþýðublaðinu* frá árinu 1945 þar sem talað er um Ivar Lo-Johansson sem húsmannsson og sagt að verk hans fjalli um leiguliða og smábændur. Um *Statarna I-II* segir að hún fjalli um „húsmennina sænsku, stéttina, er taldi hálfá milljón manna upp úr aldamótunum og hafði búið við skort og kúgun um aldir.“ Helgi Sæmundsson, „Skáld verkamanna og smábænda - Ivar Lo-Johansson“, *Alþýðublaðið*, 28. júní 1945, bls. 5–6.

sögu Íslands. Hugtakið tekur til verkamanna í landbúnaði sem ráðnir voru til eins árs í senn til starfa á sænskum stórbýlum og herragörðum í skiptum fyrir lítil sem engin laun, landbúnaðarafurðir, eldivið og aðrar nauðsynjar. Hjörtur Pálsson lýsir þessum hópi vel í grein sinni um Lo-Johansson og skrifar þar: „Það er þetta verkafólk, sem ég hef leyft mér að kalla húsmenn eða húsmennskufólk, þó að merkingarsvið íslenzku orðanna sé ekki í einu og öllu hið sama.“²⁶

Þótt sögusvið *Statarna I-II* sé það sama og í fyrri verkum Lo-Johanssons þá kynnir hann þar til leiks nýtt bókmenntaform sem hann fjallar svo um í grein sinni „Statarskolan i litteraturen“ sem birtist fyrst árið 1938 í *Bonniers Litterära Magasin*. Þar ræðir Lo-Johansson um statarskolan í sænskum bókmenntum, eða húsmennskuskólann eins og Hjörtur Pálsson þýðir hugtakið,²⁷ og segir að það hafi orðið að nokkurs konar slagorði fyrir eina af þeim nýju bókmenntastefnum sem einkennt hafi sænskar bókmenntir á fjórða áratugnum og hann lýsir með hugtökum á borð við „öreiga inngrípsbókmenntir“ (s. *proletär inventionslitteratur*), „félagsskáldsagan“ (s. *sociala romaner*) og „hóp- eða heimildaskáldsögur“ (s. *kollektiv- eller dokumentromaner*).²⁸ Innan þessarar flóru hafi hugtakið „húsmannaraunsæi“ (s. *statarrealismen*) komið fram en oftast sé vísað til þessara bókmennta með hugtakinu „húsmannaskólinn“ (s. *statarskolan*). Greinin er nokkurs konar yfirlýsing fyrir það bókmenntaprógram sem Lo-Johansson þróaði í verkum sínum, þá helst *Statarna I-II* sem og *Jordproletärerna*, sem komu út á síðari hluta fjórða áratugarins og við upphaf þess fimmta. Í greininni leggur Lo-Johansson áherslu á að þessi skáldsaga sé enn óskrifuð og að prógramminu sem hann leggi til sé ætlað að ná utan um það sem sænskar bókmenntir þurfi mest á að halda í framtíðinni. Með samfélagslegum breytingum ryðjist fjöldinn eða mergðin inn í bókmenntirnar og þar með umbreytist skáldsöguformið. Hlutverk hinnar nýju skáldsögu — hóp-skáldsögunnar — sé að hefja sig yfir frásagnir af einstaklingum og segja sögu stéttarinnar í heild sinni og gefa þannig af sér nýja epík.²⁹ Verkefni hinnar nýju skáldsögu var því nokkuð margslungið og miðaði að því að ná utan um hlutskipti fjöldans eða stéttar innan ákveðinna afmarkaðra samfélaga.

²⁶ Grein Hjartar Pálsson var birt í tilefni þess að Ivar Lo-Johansson hlaut bókmenntaverðlaun Norðurlandaráðs. Hér er stuðst við þær þýðingar sem hann notar á hugtökunum „statarna“ og „statarskolan“, aðrar þýðingar eru mínar. Sjá Hjörtur Pálsson, „Umboðsmaður húsmennskufólks og hjáleigubænda“, *Samvinnan* 72: 2/1979, bls. 26–33, hér bls. 28.

²⁷ Sama rit, bls. 29.

²⁸ Ivar Lo-Johansson, „Statarskolan i litteraturen“, *Statarskolan i litteraturen. Idéer och program*, Göteborg: Författarförlaget, 1972, bls. 13.

²⁹ Sama rit, bls. 23–25.

Sú áhersla sem Ivar Lo-Johansson lagði á stétt húsmanna í bókmenntum sínum á sér hliðstæðu í verkum Mou Martinson (1890–1964) og Jans Fridgård (1897–1968). Þau þrjú voru hluti af kynslóð verkalýðshöfunda sem markaði sér sess innan sænskra bókmennta og menningarlífs á tuttugustu öld og tekur Jón Magnússon það fram í grein sinni í *Rauðum pennum* árið 1938 að hann telji „það einstætt fyrirbrigði í bókmenntum Vesturevrópu, að skáld og rithöfundar úr verkalýðsstétt láti svo til sín taka, sem raun er á í Svíþjóð“.³⁰ Enn fremur náðu verkalýðshöfundarnir að halda þessari stöðu á eftirstríðsárunum og styrkja hana þannig að verkalýðsbókmenntir urðu að ríkjandi stefnu innan sænskra bókmennta. Þessi sérstaka staða birtist meðal annars í því að þrír höfundar þessarar kynslóðar voru gerðir að meðlimum Sænsku Akadémiunnar og tveir þeirra — Harry Martinson (1904–1978) og Eyvind Johnson (1900–1976) — deildu Nóbelsverðlaunum árið 1974. Verðlaunin voru umdeild í ljósi þess að þeir Martinson og Johnson voru sjálfir meðlimir Sænsku Akadémiunnar þegar þau voru veitt. Í rökstuðningi nefndarinnar var sérstaklega tekið fram að þau væru veitt vegna framlags höfundanna til verkalýðsbókmennta. Sænskir bókmenntafræðingar hafa jafnvel haldið því fram að verkalýðsbókmenntir séu eitt af mikilvægustu framlögum Svía til heimsbókmenntanna. Þá er lítið til þess að bókmenntagreinin varð að „útbreiddri stefnu“ innan sænskra bókmennta og því haldið fram að hún hafi verið sterkari og fjölbreyttari en á hinum Norðurlöndunum, á Englandi, í Frakklandi, Þýskalandi og Rússlandi.³¹

Hins vegar má skoða húsmennskubókmenntir Ivars Lo-Johansson í ljósi hugmynda Robertos Schwarz um „heimsbókmenntir jaðranna“ eins og Magnús Þór Snæbjörnsson lýsir þeim í inngangi sínum að grein Schwarz í þessu hefti *Ritsins*.³² Í skrifum Schwarz um bókmenntir jaðarsvæða leggur hann áherslu á afstöðu bæði forms og inntaks bókmennta jaðranna við heimssöguna í stað þess að einblína á félagslega afstöðu þeirra til hefðarveldis heimsbókmenntanna í sínum stofnanavæddu formum. Schwarz beinir sjónum okkar að því hvernig bókmenntir á jöðrum efnahags- og menningarkerfa fást við heimssögulegar spurningar og miðla þeim í gegnum staðbundna sögu, menningu og listir. Þannig er skilningur Schwarz á heimsbókmenntahugtakinu allt annar en sá sem hefur verið ríkjandi í almennri bókmenntafræði síðan á 10. áratugnum. Í stað þess að einblína á stöðu bókmennta innan félagslegra bókmenntakerfa sem mótast af útgáfu, þýðingum, dreifingu, verðlaunum og öðrum slíkum þáttum, leggur

³⁰ Jón Magnússon, „Sænsk öreigaskáld“, bls. 129.

³¹ Magnus Nilsson, *Literature and Class. Aesthetical-Political Strategies in Modern Swedish Working-Class Literature*, Berlin: Nordeuropa-Institut der Humboldt-Universität, 2014, bls. 18–19.

³² Sjá þýðingu á ritgerð Roberto Schwarz annars staðar í þessu sérhefti *Ritsins*.

Schwarz áherslu á þau bókmenntaform sem mótast af sértækri stöðu útnáranna og afstöðu þeirra til heimsins: sögu hans og efnahags. Í þessu samhengi mætti allt eins segja að húsmennskuskóli Lo-Johannsons sé gott dæmi um jaðarbókmenntir — og þá jafnvel jaðar-raunsæi³³ — sem tekst á við heimssögulegar spurningar síns tíma með því að fást við tilurð og samsetningu öreigastéttarinnar í Svíþjóð. Þannig má skoða þessar bókmenntir í samhengi við þá stórsögulegu þróun sem átti sér stað á efnahag og pólitík á alþjóðavettvangi við upphaf 20. aldar og teygði anga sína um allan heim. Í stað þess að skoða húsmennskuskólann eingöngu sem dæmi um sjálfsprottnar og jafnvel einangraðar bókmenntir sem eigi allt sitt undir sænskum 19. aldar bókmenntum og pólitísku landslagi í Svíþjóð má allt eins setja þær í samhengi við jaðarbókmenntir annarra menningarsvæða og tengsl þeirra við heimssöguna bæði með tilliti til þeirra pólitísku byltinga sem áttu sér stað í Mexíkó og Rússlandi á fyrstu áratugum 20. aldar sem og þeim efnahagslegu breytingum sem áttu eftir að umturna jaðarsamfélögum heimsins.

Raunar má finna gott dæmi um flókið samspil staðbundinna jaðarbókmennta við alþjóðlegar stefnur og strauma — eða bara heiminn — í skáldsögu Ivars Lo-Johannson *Godnatt, jord* sem segir frá uppvexti Mikael Bister húsmennskuþráks á herragarði einum í Svíþjóð. Mikael dreymir um að registur þar sem fjölskylda hans er skráð sem húsmennskufólk brenni og veltir því fyrir sér hvort það séu húsmenn í öðrum löndum. Samband hinnar staðbundnu og jafnvel einangruðu öreigaskáldsögu jaðarsins við heiminn kjarnast þó best í bréfi sem Mikael skrifar í bókinni til vinkonu sinnar á næsta bæ, Maud Rissler. Maud er dóttir borgarþúfa sem snúa heimi húsmannanna á hvolf þegar þau flytja úr borginni og í sveitina. Rissler fjölskyldan er ekki rík, en stendur þó skör herra en húsmennskufólkið á býlinu. Bréfið er eins konar *mise en abyme* í *Godnatt, jord*, þar sem það birtir, í smærri mynd, tengslin sem skáldsagan sjálf hefur við lesendur sína í gegnum bæði þjóðlegt og alþjóðlegt kerfi merkingar. Mikael stúlar bréfið: „Til Maud Rissle, Litseläng, Södermanland, Svealand, Svíþjóð, Skandinavía, Evrópa, Heimurinn“.³⁴ Þannig má segja að til þess að ná til millistéttarlesandans á næsta bæ þurfi skáldsagan í formi bréfs fyrst að berast út í heim og þaðan til baka. Og jafnvel þótt Mikael guggni á því að senda Maud bréfið og rífi það þess í stað í tætlur og komi fyrir í kolakassanum, þá sýnir heimilisfang bréfsins vel þá vitund

³³ Sjá umræðu um jaðar-raunsæi (e. *peripheral realism*) í sérriti *Modern Language Quarterly* um efnid árið 2012 og sértaklega í Joe Cleary, „Realism After Modernism and the Literary World-System“, *Modern Language Quarterly* 73: 3/2012, bls. 255–268 og Jed Esty og Colleen Lye, „Peripheral Realisms Now“, *Modern Language Quarterly* 73: 3/2012, bls. 269–288.

³⁴ Ivar Lo-Johannson, *Godnatt, Jord*, Stockholm: Albert Bonniers Förlag, 1950, bls. 258–259.

sem Mikael hefur um tilvist heimsins og nauðsyn þess að senda staðbundnar bókmenntir þangað áður en þær ná til stelpunnar á næsta bæ. Staðbundin og að því er virðist sjálfsprottin skrif Mikael um húsmenskufólkið í Svíþjóð eru því í nánum tengslum við heiminn sem heild.

Það er því ekki langsótt að setja húsmenskuskóla Lo-Johanssons í samhengi við öreigaskáldsöguna og þróun hennar á alþjóðavettvangi. Enn fremur er hugtakið jarðöreigi (s. *jordproletärerna*) gagnlegt þegar kemur að því að fást við miðlægt hlutverk landbúnaðarverkamanna og smábænda í slíkum bókmenntum. Mikilvægi landbúnaðarspurningarinnar svokölluðu fyrir vinstri hreyfingar á fyrri hluta 20. aldar er vel þekkt og það liggur beint við að setja jarðöreigann í það samhengi.³⁵ Raunar leika flókin staðbundin vinnuform oft stórt hlutverk í öreigaskáldsögu millistríðsáranna sem og þrá jarðöreigans eftir landskika eða eigin koti. Húsmenn Lo-Johanssons eru gott dæmi um vinnuform sem liggur á mörkum launaðrar og ólaunaðrar vinnu, á jafnvel rætur að rekja til forkapítalískra samfélagsgerða og byggir oft á sterkum hefðum um sameiginlega vinnu við að afla samfélaginu viðurværis. Sem dæmi má nefna *huasipungo*-kerfið í Ekvador sem dregur nafn sitt af hugtakinu *huasipungo* sem kemur úr máli innfæddra á svæðinu en hugtakið er samsett úr orðunum *hús* og *dyr*. Hugtakið vísar til smábænda sem vinna á stórbýlum (sp. *hacienda*) í skiptum fyrir landskika. *Huasipungos* eru því þeir sem eru ávallt til reiðu þurfi landeigandinn á vinnuafli að halda — við húsdýr hans — og fá í staðinn að búa í litlum kofum á landskikum sem þó eru ekki þeirra eign. Í *Huasipungo* (1934) eftir ekvadoríska rithöfundinn Jorge Icaza er einmitt fjallað um hlutskipti og baráttu þessa hóps í ekvadorísku samfélagi á tímum þegar landeigendakerfið tók hröðum breytingum með innreið amerísku olíuönaðar í landinu og baráttu *huasipungos* fyrir því að halda búsetturétti sínum á landareigninni. Líkt og í verkum Lo-Johanssonar *Statarna I-II* og *Jordproletärerna* er um að ræða samansafn af stuttum skissum sem draga upp heildstæða mynd af samfélagi *huasipungos* — sem mætti ef til vill íslenska sem húsmenn — og afstöðu þeirra gagnvart landeigendum. Icaza og Lo-Johansson einblína mjög á möguleika þessarar stéttar til að rísa upp gegn ægivaldi landeigandans sem og vandamálin sem þessi hópur stendur frammi fyrir þegar kemur að skipulagningu baráttunnar.

Jarðöreiginn er miðlægur í öreigabókmenntum millistríðsáranna en hugtakið nær að lýsa meginéinkennum þessarar stefnu sem var líkt og klofin á milli verksmiðjuöreigans og kotbænda. Til að mynda leggur Denning áherslu á það að ör-

³⁵ Sem dæmi má nefna áhuga Leníns á landbúnaði og landbúnaðarspurningunni svokölluðu. Sjá samantekt um þau verk sem Lenín safnaði saman um þetta efni í Amalendu Guha, „Lenin on the Agrarian Question“, *Social Scientist* 5: 9/1977, bls. 61–80.

eigabókmenntahreyfing millistríðsáranna hafi verið samofin fólksflutningum um allan heim og hafi náð til bæði verkamanna í landbúnaði og iðnaði. Samkvæmt Denning var hreyfingin því líkt og lenínískur kommúnismi 20. aldar samsett af baráttu jarðöreiganna — þá bæði smábænda og landbúnaðarverkamanna af ýmsum toga — sem og verkamönnum og þjónustufólki ört vaxandi borgar- og iðnaðarsamfélaga.³⁶ Flestar öreigaskáldsögur sem takast á við hlutskipti jarðöreigans sýna baráttu hans fyrir eignarhaldi á landi sem fyrirfram glataðri til skamms tíma en engu að síður lið í stærri heimssögulegri byltingu. Tengingin við jörðina og trú jarðöreigans á að eignist hann sinn landskika muni hann öðlast frelsi er gagnrýnd og sýnt fram á að eignarhaldi á landi fylgir áframhaldandi skuldaprældómur og hark. Jarðöreiginn mun halda áfram að sá í akur óvinarins meðan hann er bundinn jörðinni. Í *Godnatt, jord*, til dæmis, vinnur kotbóndinn Alfred frá Dundret á landareign barónsins samhliða því að reka sitt eigið kot. Staða hans er því litlu skárri en hlutskipti húsmannanna. Í *Huasipungo* berjast innfæddu jarðöreigarnir (sp. *los huasipungueros*) undir slagorðinu „¡Nucanchic huasipungo!“, eða „Okkar Huasipungo“, en uppreisn þeirra lýkur með því að herinn er kallaður inn til að berjja niður baráttu þeirra. Bókin sýnir því fram á möguleika þess að þessi hópur rísi upp, en einnig að ekki sé hægt að byggja þessa baráttu á tengingu við landið eða kúgunina sem felst í hlutskipti jarðöreigans. Og þannig endar bók Lo-Johanssons *Godnatt, jord*, á því að öreigaskáldið Mikael kveður jörðina, slítur á tengsl sín við landið og heldur til borgarinnar.

Godsögn öreigans: Heimsmarkaður og epík

Öreigastefnan og skáldsaga hennar verður til í kjölfar og á tímum mikilla fólksflutninga samhliða umfangsmiklum samfélags- og efnahagslegum breytingum á heimsvísu. Á millistríðsaráttumabilinu streymdi fjöldinn allur af landbúnaðarverkafólki og kotbændum til borganna þar sem þeirra beið aðeins hlutskipti hinnar landlausu mergðar. Milljónir manna kvöddu jörðina líkt og Mikael Bister gerir í *Godnatt, jord*. Engu að síður gegnir tenging öreigans við landið og söguna mikilvægu hlutverki innan heimsmýndar öreigastefnu millistríðsáranna. Þannig er ekki nóg að kveðja landið og slíta öll tengsl við það til þess að öðlast stéttarvitund og verða hluti af byltingarsinnaðri baráttu heimsörreigans. Þess í stað gegnir minning öreigans um tengingu sína við landið, menninguna, eldri siði og jafnvel trúarbrögð mikilvægu hlutverki í ferðalagi hans frá einstaklingsbundnu og oft tragísku hlutskipti sem verkamaður í landbúnaði eða iðnaði til þess að öðlast vitund um hlutskipti sitt sem öreigi, það er, sem hluti af

³⁶ Michael Denning, *Culture in the Age of Three Worlds*, bls. 68.

alþjóðlegri stétt verkafólks. Enn fremur var hlutskipti þeirra öreiga sem tilheyrðu samfélögum á jöðrum kápítalískrar þróunar og heimsmarkaðsins undir lok 19. aldar og við upphaf þeirrar 20. mjög ólíkt hlutskipti verkamanna í samfélögum þar sem iðnvæðing hófst fyrir. Samfélög og landsvæði á jöðrum iðnvæðingarinnar sáu oft mikla og hraða þróun ásamt innlimun í heimsmarkaðinn samhliða stöðnun markaða og iðnaðar innanlands.

Hugtakinu *misgeng þróun* (e. *uneven development*) er ætlað að ná yfir þessa sérstöku stöðu jaðarsamfélaga og efnahagslegrar þróunar þar. Það er oftast rakið til Levs Trotskij (1879–1940) og fyrsta kaflans í bók hans um sögu byltingarinnar í Rússlandi frá fyrstu árum fjórða áratugarins, en svipaða umræðu um efnahagslega og pólitíska þróun má finna fyrir og víðs vegar um heim á upphafsáratugum 20. aldar.³⁷ Hugtakið náði útbreiðslu og fékk hljómgrunn meðal annars vegna þess að stærstu byltingar þessa tímabils, mexíkóska og rússneska byltingin, tóku hvorug mið af þeirri sögulegu þróun sem fram að þessu hafði verið talið að lægi slíkum byltingum til grundvallar.³⁸ Í stað þess að byltingar tímabilsins brytust út í iðnvæddum samfélögum Evrópu þar sem verkalyðsstéttin var fjölmennust voru þær leiddar af leiguliðum, húsmennskufólki og kotbændum — eða *jarð-öreiðum* — í landbúnaðarsamfélögum Mexíkó og Rússlands. Þannig mótaðist hugmyndafræði og starf þriðja alþjóðasambands kommúnista (Komintern,

³⁷ Umræðan um misgenga þróun tengist almennum umræðum um þróun kápítals og heimsvaldastefnu á fyrstu áratugum 20. aldar. Sem dæmi má nefna bók Hilferding (1919) um fjármagnskapítal og útpenslu kápítals sem og umræðu Rosu Luxemburg um þróun kápítals og heimsvaldastefnu (1913). Þá eru deilur Luxemburg við Lenín um þróun kápítals og áhrif þess á byltingarsinnaða baráttu vel þekktar. Sjá Rudolf Hilferding, *Finance Capital. A Study of the Latest Phase of Capitalist Development*, þýðendur Morris Watnick og Sam Gordon, London: Routledge, 2006. Rosa Luxemburg, *The Accumulation of Capital*, þýðandi Agnes Schwarzschild, London: Routledge, 2003. Þótt hugtakið misgeng þróun sé oftast rakið til skrifa Leníns um sjálfsákvörðunarrétt þjóða eða kenningu hans um sjálfsákvörðunarréttinn og auðvitað skrifa Trotskij um sögu rússnesku byltingarinnar má segja að hugtakið spretti úr skrifum Marxista á þessum tíma sem margir voru að fást við þróun kápítals og stað heimsvaldastefnunnar innan þess efnahagskerfis. Sjá Leon Trotsky, *History of the Russian Revolution*, þýðandi Max Eastman, Chicago: Haymarket Books, 2008.

³⁸ Þannig má greina ákveðið rof á milli 19. aldar og 20. aldar marxisma sem birtast einna skýrast í falli Annars alþjóðasambands kommúnista (1889-1916). Sambandið leystist meðal annars upp vegna deilna um fyrri heimsstyrjöldina og afstöðu til þátttöku þjóðríkja í þeirri styrjöld. Eftir Rússnesku byltinguna 1917 var þriðja alþjóðasamband kommúnista (Komintern, 1919–1943) stofnað í Sovétríkjunum. Í þessari framvindu má segja að klassískur eða hefðbundinn marxismi 19. aldar með áherslu sinni á verkalýð iðnvæddra samfélaga víki fyrir áherslunni á baráttuna gegn nýlendukúgun, heimsvaldastefnu, og svo framvegis, eða tímabils sem leggur mikilvægan grunn að frelsisbaráttu ríkja þriðja heimsins á eftirstríðsárunum og starfi ýmissa afnýlenduhreyfinga.

1919—1943) af þessum sögulegu viðburðum ásamt því að byltingar á borð við uppreisn spartakista í Þýskalandi³⁹ misheppnuðust. Eftir 1919 beindu því Sovétmenn sjónum sínum í æ ríkara mæli til möguleika á byltingu í Asíu og Afríku. Þá fengust byltingarsinnaðir róttæklingar um allan heim við spurninguna um það hvernig mætti samþætta frelsisbaráttu ýmissa þjóða fyrir sjálfstæði og baráttuna gegn nýlendu- og heimsvaldastefnu. Í þessari umræðu tókust á ólík sjónarmið meðal annars um spurninguna hvort byltingin gæti átt sér stað í ó- eða nýiðnvæddum samfélögum mótuðum af misgengri þróun.⁴⁰

Tveir höfundar frá ólíkum þjóðlöndum fást við og kortleggja misgenga þróun jaðarsamfélaga undir lok 19. aldar og á fyrstu áratugum þeirrar 20. í skáldsögum sem má skilgreina sem *epískar öreigaskáldsögur*. Í *Heimsljósi* (1937–1940) Halldórs Laxness og *Yávar fiesta* (1941) eftir perúíska höfundinn José María Arguedas,⁴¹ er tekist á við stað róttæktrar verkalýðsbaráttu í samfélögum þar sem greina má fyrstu vísana að iðn- og þéttbýlisvæðingu. Á sama tíma er söguvið skáldsagnanna markað af stöðnun og hefðum bændasamfélagsins sem og sögu nýlendustefnu Spánverja í Suður-Ameríku (*Yávar fiesta*) og flókinna tengsla Danmerkur og Íslands (*Heimsljósi*). *Yávar fiesta* hefst á tveimur köflum sem kortleggja stórsögulegan, efnahagslegan og landfræðilegan bakgrunn sögunnar sem fjallar um árlegt nautaat í dæmigerðum smábæ, Puquio, í Andesfjöllum Perú. Sögumaður stendur upp á fjalli og horfir yfir söguviðið, útskýrir fyrir lesandanum ólík sjónarhorn samfélagsins og hvernig þau stangast á. Þannig birtist *Yávar fiesta* lesandanum sem allegoría þar sem Puquio táknar hið perúíska þjóðríki og stað þess innan heimskerfis kapítalismans við upphaf 20. aldar. Í *Heimsljósi* dregur sögumaður einnig upp víðtæka mynd af íslensku samfélagi, pólitík þess og efnahag, á upphafsárum 20. aldar. Sagan kortleggur breytinguna frá íslenska bændasamfélaginu til iðnvæddrar fiskvinnslu í gegnum sögu ómagans Ólafs Kárasonar. Þótt alvitur sögumaður *Heimsljóssi* standi ekki upp á fjallstindi, þá felur frásögnin í sér sambærilegt sjónarhorn og finna má í *Yávar fiesta*. Þannig stefna báðar

³⁹ Spartakistauppreisnin átti sér stað í Berlín, Þýskalandi í janúar 1919. Uppreisnin hófst með kröfugöngum og verkföllum og endaði á því að stjórnvöld kölluðu til herinn sem barði byltinguna niður. Leiðtogar Spartakista, þau Karl Liebknecht (1871–1919) og Rosa Luxemburg (1871–1919), voru myrt.

⁴⁰ Hér má nefna sem dæmi störf og skrif M.N. Roy, Ho Chi Minh, Franz Fanon, José Carlos Mariátegui, og fjölmargra annarra, sem og auðvitað Vladímírs Lenín.

⁴¹ Um verk Arguedas, sjá einnig grein Ericku Beckmann annars staðar í þessu sérhefti *Ritsins*. Þá hefur smásagan „La muerte de los Arango“ eftir Arguedas birst í íslenskri þýðingu Kristínar Guðrúnar Jónsdóttur undir titlinum „Dauði Arango bræðranna“, sjá *Smásögur heimsins. Rómanska Amerika*, ritsjórar Kristín Guðrún Jónsdóttir, Rúnar Helgi Vignisson og Jón Karl Helgason, Reykjavík: Bjartur, 2017, bls. 71–78.

bækurnar saman stórsögulegu sjónarhorni hins alvitra sögumanns sem horfir yfir söguvið þeirra — tveggja smáþorpa, Puquio í perúísku Andesfjöllunum og hið skáldaða sjávarþorp, Sviðinsvík á Íslandi — og svo félagslegum veruleika þorpanna þar sem staðbundin pólitík leiðir oft til óvænts samstarfs á milli ólíkra félagslegra hópa og pólitískra flokka.

Söguvið skáldsagnanna er mótað af misgengri þróun og báðar gerast á stöðum þar sem fólksflutningar eru mögulegir og kapítalísk endurskipulagning samfélagsins er hafin. Efnahagur beggja söguviða markast af útflutningi á matvöru, nautgripum í *Yawar fiesta* og þorski í *Heimsljósi*. Engu að síður er nútímavæðing beggja stöðnuð og birtist oft eins og andsnúin efnahagslegum hagsmunum íbúa þorpanna. Þá er eiginleg verksmiðjuframleiðsla ekki hafin eða í skötulíki og samfélögin einkennast frekar af því að verið er að byggja nauðsynlega innviði iðnaðar. Á Sviðinsvík dregur fólk til dæmis grjót sem á að nota til að byggja hafnir framtíðarinnar á meðan togarinn liggur á vikinni og ryðgar og í Puquio þræla innfæddir við að leggja þjóðveg sem tengir héraðið við höfuðborg Perú, Líma, og flytur nautgripina til slátrunar og fólkið sjálft til að setjast að í fátækrahverfum höfuðborgarinnar. Báðar skáldsögurnar takast á við stað öreigans innan samfélags sem einkennist af misgengri iðnvæðingu þar sem ákveðnir þættir nútímavæðingar eru til staðar á meðan aðrir láta á sér standa. Slíkt misgengi mótast verkalýðsbaráttuna á þessum stöðum og þótt það kunni að virðast mótsagnakennt að hægt sé að stunda róttæka verkalýðsbaráttu án nútímainnviða, þá leikur pólitískt landslag og hugmyndafræði róttækra vinstri hreyfinga millistríðsáranna stórt hlutverk í *Heimsljósi* og *Yawar fiesta*. Báðar draga upp mynd af byltingunni sem epískum samruna á milli forkapítalíks og jafnvel forsögulegs byltingaraffls við þorpsbúa Puquio og Sviðinsvíkur.

Þegar kemur að umræðum um tengsl þessara bóka eða höfunda þeirra við róttæka vinstripólitík og hugmyndafræði millistríðsáranna er stundum einblínt á þær persónur bókanna sem tengjast stjórnmálastarfi beint. Þannig er róttæk pólitík bókanna staðsett innan landslags þeirra en ekki talin hafa áhrif á frásagnarheiminn sem slíkan. Í *Heimsljósi* snýr kommúnistinn Örn Úlfar aftur til Sviðinsvíkur eftir veru í Reykjavík og hefst handa við að skipuleggja baráttu þeirra sem vinna í fiski fyrir hærri launum og betra viðurværi. Í *Yawar fiesta* ferðast fjórir ungir róttæklingar frá Líma til Puquio á vegum pólitískra samtaka stúdenta sem í bókinni eru tengdir við Mariátegui, en mynd af honum hangir uppi á vegg hjá þeim í Líma. Samtök stúdenta hafa ákveðið að aðstoða innanríkisráðuneytið við að banna óþjálfuðum innfæddum nautabönnum að taka þátt í hinu árlega nautaati bæjarins. Í fyrstu fagna nemendurnir nútímavæðingunni sem felst í banninu og telja það framför ef það komi í veg fyrir að landeigendur staðarins

skemmti sér við það að sjá naut rífa innfædda nautabana á hol í árlegri *yawar fiesta* — blóðhátíð — bæjarins. Gavin Arnall túlkar stuðning nemendanna við uppbyggingu perúíska þjóðríkisins sem „hættulegan samruna marxisma og hins borgaralega ríkisvalds“ sem feli í sér að hinir róttæku stúdentar og hugmyndafræði þeirra fari á mis við hugmyndir og pólitískan vilja íbúa Puquío.⁴² Arnall vísar til skrifa bólivíska stjórnmalamannsins og fyrrum meðlims í Túpac Katari skæruliðaherdeildinni, Álvaro Garvía Linera og hugtaks hans „desencuentro“ sem gefur í skyn að eitthvað hafi farið á mis og mætti þýða á íslensku sem „glað tækifæri“⁴³ og túlkar þannig stuðning róttæklinganna í *Yawar fiesta* við nautaatsbannið sem dæmi um misheppnaða tilraun til þess að samþætta kommúníska stjórnmalabaráttu við frelsisaráttu innfæddra í Perú.

Á svipaðan hátt lýsir Halldór Guðmundsson *Heimsljós* sem ferðalagi Ólafs Kárasonar „frá harðneskjulegu raunsæi og yfir í ljóðrænan óveruleika“ og heldur því fram að Halldór Laxness hafi sjálfur fylgt þessu ferðalagi Ólafs á ferli sínum. Halldór Guðmundsson styðst við glósur og uppdrætti Halldórs að *Heimsljós* og segir að hann hafi flúið pólitíkina sem hann aðhylltist á fjórða áratugnum í skáldverkum sínum og hafi þannig notað verkin til þess að „draga pólitík sína í efa“ og „skoða boðunina gagnrýnum huga.“⁴⁴ Þannig les Halldór Guðmundsson *Heimsljós* frá sjónarhóli þess að Halldór Laxness sagði skilið við þá pólitík sem hann aðhylltist á fjórða áratugnum við upphaf sjöunda áratugarins. Þótt hugtakið glatað tækifæri (sp. *desencuentro*) komi ekki fyrir í umræðu Halldórs Guðmundssonar þá vinnur hann innan sama hugmyndafræðilega ramma og Arnall gerir í sinni grein. Halldór leggur áherslu á andstæðuna sem felst í verkalyðspólitík Örnis Úlfars og fagurfræði Ólafs Kárasonar sem hverfist um fegurð og rómantík. Í meðförum Halldórs verður *Heimsljós* að skáldsögu um það hvernig kommúnismi millistríðsáranna fer á mis við listsköpun og fegurð hennar sem ekki sé hægt að sameina hugmyndafræði ákveðinna stjórnmalaskóla. Á þennan hátt lesa Arnall og Halldór bækur Arguedas og Laxness afturvirkir út frá vonbrigðum vinstri- manna með Sovétríkin á tímum kalda stríðsins.

Ef, hins vegar, *Yawar fiesta* og *Heimsljós* eru staðsettar innan sögu rauðra heims-

⁴² Gavin Arnall, „The Missed Encounter of Turupukllay. Marxism, Indigenous Communities and Andean Culture in *Yawar Fiesta*“, *Radical Americas* 5: 1/2020, bls. 1–16, hér bls. 6.

⁴³ Það er engin góð þýðing á þessu hugtaki sem er bæði notað sem nafnorð, þá í merkingunni að um sé að ræða glatað tækifæri, og sem sagnorð, þá í merkingunni að fara á mis við eitthvað. Hugtakið er þannig þýtt á ensku sem „missed encounter“ en íslenska orðið misheppnað nær ekki vel utan um þýðinguna á des/missem hér og því er betra að tala um að fara á mis frekar en að nota orðið misheppnað.

⁴⁴ Halldór Guðmundsson, „Ofar hverri kröfu. Um fegurðarþrá í *Fegurð Himinsins*“, *Tímarit Máls og menningar* 59: 2/1998, bls. 19–35, hér bls. 31, 22.

bókmennta á 20. öld og enn fremur innan þess hugmyndaheims sem gat af sér öreigaskáldsögu millistríðsáranna, birtist allt önnur sýn á virkni pólitíkurinnar í þessum bókum. Í stað glataðra tækifæra og misheppnaðrar baráttu, birtist fundur róttæktrar vinstri pólitíkur — kommúnisma — við fjöldann, lesandanum sem sögulegur, eða, epískur. Hvorug skáldsagnanna er útópísk í þeim skilningi að þær reyni að draga upp mynd af framtíðarsamfélaginu eftir byltingu. Þess í stað leggja báðar sögurnar áherslu á epískan samruna róttæktrar verkalýðs-baráttu og annars vegar skáldskaparins (*Heimsljós*) og hins vegar goðsagna og þjóðtrúar (*Yáwar fiesta*). Þannig læra róttæklingarnir í *Yáwar fiesta* af innfæddum og skilja undir lok bókarinnar mikilvægi goðsagnanna í baráttunni. Í deilunni um nautaatið, krefjast íbúar Puquío þess að fanga villt naut sem ber nafnið Mí-situ. Mí-situ er ýmist skilgreint sem naut sem hefur sloppið frá hjörðum land-eigandanna á svæðinu eða sem *auki*, andi eða goð. Í eldheitri ræðu sem leiðtogi róttæku stúdentanna, Escobar, heldur segir hann að í fyrstu hafi hann fyllst sorg yfir leiðangri hóps innfæddra til að sækja nautið, en um leið og hann fréttir að þeim hafi tekist ætlunarverk sitt og fangað hið mikla og guðdómlega villta naut, Mí-situ, skiptir hann um sköðun. Escobar segir: „Þeir [hinir innfæddu] gerðu þetta hróðugir, til að sýna heiminum hversu sterkir þeir væru, hversu sterk *ayllu*⁴⁵ getur verið þegar hún vill vera það [...] Þeir hafa dregið *auki*!⁴⁶ Þegar nautið er dregið inn í bæinn sameinast stúdentarnir úr borginni þorpsbúum og aðstoða við að draga nautið síðasta spölinn. Þannig sýnir *Yáwar fiesta* ekki aðeins fram á möguleikann á samruna og samstöðu þessara hópa heldur einnig fram á nauð-syn hennar.

Þessi birtingarmynd kraftsins sem býr í menningu og siðum hinna innfæddu í *Yáwar fiesta* sem og þrautseigja þeirra við að ná fram sínum markmiðum er nánast eins og myndskreyting við kenningar José Carlos Mariátegui. Mariátegui er talinn einn merkasti hugsuður suður-ameríks marxisma og hann er sá sem fyrstur tekst á við sérstæði álfunnar út frá kenningum Marx. Á millistríðsaráttumabilinu setti Mariátegui fram kenningu sína um *indó-amerískan sóstalisma* (sp. *el socialismo indo-americano*) sem hann þróaði í samræðu við bæði heimspeki og marxisma sem og pólitískar umræður á þessum tíma, þar á meðal, í samræðu við og gagnrýni á kenningu Lenín um sjálfsákvörðunarrétt þjóða.⁴⁷ Eins og *Yáwar fiesta*, taldi

⁴⁵ Orðið *ayllu* kemur úr tungumáli frumbyggja á Andessvæði Suður-Ameríku og mætti þýða sem *samfélag* eða *kommúna* á íslensku.

⁴⁶ José María Arguedas, *Obras Completas*, Lima: Ed. Horizonte, 1983, bls. 171.

⁴⁷ Sjá yfirlit yfir samskipti Mariátegui við Kominterinn í Marc Becker, „Mariátegui, the Comintern, and the Indigenous Question in Latin America“, *Science and Society* 70: 4/2006. Sjá umræðu um Mariátegui og tengsl hugmynda hans við öreigastefnu milli-

Mariátegui að hreyfi afl sögunnar mætti finna í samfélögum innfæddra í Perú. Þessir hópar gætu virkjað kraftinn í menningu sinni og þeim beinu tengslum sem hún hefði við óíðnvædd og ónútmavædd samfélög fortíðarinnar. Út frá hugsun Mariátegui er því ekkert misheppnað við fund róttæklinganna í *Yawar fiesta* við — sem og lærdóms þeirra af—baráttu innfæddra fyrir réttindum sínum. Þvert á móti leikur goðsögn öreigans, eða það sem Mariátegui kallaði *ægifegurð öreigans* (sp. *lo sublime proletario*) mikilvægt hlutverk í pólitísku landslagi bókanna sem og frásagnarheimi þeirra.⁴⁸

Það sama má segja um samruna ljóðrænu Ólafs Kárasonar og verkalýðs-pólítíkur Örn Úlfars í *Heimsljósi*. Þar birtist Ólafur Kárason lesandanum sem ólíklegur forsvari byltingarinnar. Hann forðast það í lengstu lög að taka afstöðu og reynir umfram allt að móðga ekki þá sem sjá honum fyrir viðurværi. Þetta breytist þó þegar vinur hans og skáld, Örn Úlfar, hefur skipulagt verkfall á Sviðinsvík og Ólafur tekur þátt í því gegn óskum eiginkonu sinnar, Jarþrúðar. Enn fremur býður Ólafur Erni Úlfari hús sitt og aðstoðar hann á flóttu undan yfirvöldum. Baráttan nær hámarki þegar húsið sem Ólafur og kona hans búa í er rífið niður af liðsmönnum Sannra Íslendinga, félags andstæðinga verk-alýðsfélagsins sem Örn Úlfar hefur tekið þátt í að skipuleggja. Í kjölfarið taka stuðningsmenn Arnar Úlfars í verkalýðsfélaginu sig saman og reisa húsið aftur fyrir Ólaf og konu hans. Það er í þessu endurreista húsi sem Ólafur skrifar ljóðið „Ímynd frelsisins,“ söngljóð sem er í dag betur þekkt undir titlinum „Maístjarn-an,“ og er eina ljóðið sem hann skrifar í sögunni sem hægt er að segja að hafi eitthvert listrænt gildi. Ljóðið er „blandið endurminningunni um sögulegan þys liðins dags“ og vísar til stúlku sem hafði rétt honum fána á einum af samstö-ðufundum verkfallsins. Stuttu síðar er þessi barátta endurtekin á sviði alþingis-kosninga og þá eiga sér stað orðaskipti á milli Ólafs og konu hans um stuðning þeirra við frambjóðendur. Í þeim samræðum lætur Ólafur þessi orð falla: „Skáld og skrill eru ævinlega vinir [...] Og það er gömul saga að þegar á reynir eru þeir eitt“.⁴⁹ Þrátt fyrir að baráttukraftur Ólafs Kárasonar þverri þegar líður á söguna, þá eyðir hann engu að síður því sem eftir er af bókinni (og lífinu) í að leita að þessum neista sem kviknaði í verkfallinu og leiddi til þess að hann orti

stríðsáranna í Anna Björk Einarsdóttir, „Comintern Aesthetics in the Andes. The Indi-genous Revolutionary“, *Science & Society* 85: 4/2021, bls. 443–473.

⁴⁸ Mariátegui var undir áhrifum frá franska heimspekingnum Georges Sorel og vísar oft í hann þegar hugmyndinni um ægifegurð öreigans bregður fyrir. Sjá til dæmis José Carlos Mariátegui, „Elogio de „el Cemento“ y del realismo proletario“, *El Alma Matinal*, í *Obras Completas*, 4. útgáfa, Lima: Editorial Amauta, 1970, bls. 165–173.

⁴⁹ Halldór Laxness, *Heimsljós*, Reykjavík: Helgafell, 1967, bls. 117, 123.

ljóðið „Ímynd frelsisins“. Þótt þessi leit hans sé mislukkuð og leiði á endanum til þess að hann endar líf sitt með því að ganga til móts við jökulinn, þá er engu að síður erfitt að sjá verkalýðspólitík millistríðsáranna fara á mis við ljóðlistina í *Heimsljós*. Þvert á móti finnur Ólafur Kárason farveg fyrir kraftbirtingarhljóm guðdómsins eftir að hann hefur sameinast Erni Úlfari og öðlast þann skilning að þegar á reynir eru skáld og skrill eitt.

Þannig leikur goðsögn eða ægifegurð/kraftbirtingarhljómur öreigans sama hlutverk í *Heimsljós* og *Yávar fiesta*. Í báðum bókunum eru augnablik sameiningar hverful, þau byggja ekki eingöngu á þróun iðnaðar né aðkomu utanaðkomandi skipuleggjenda verkalýðsbaráttunnar, heldur á samspili þessara þátta — eða fundi þeirra — við goðsögnina sem rekja má aftur til eldri samfélagsgerða. Þessi goðsögn er geymd í skáldskapnum og þránni eftir fegurð (*Heimsljós*) og í menningu og tengslum innfæddra við forkapítalísk samfélög fortíðarinnar (*Yávar fiesta*). Skáldsögurnar mótast því mjög af hugmyndafræði öreigastefnu millistríðsáranna en innan hennar voru hugmyndir um byltinguna sem forsögulegan kraft nokkuð útbreiddar. Til að mynda bendir Steven S. Lee á það hversu almenn þessi orðræða var í Sovétríkjunum þar sem hún tengdist austrinu sterkum böndum. Lee ræðir skrif rússneska fútúristans og stuðningsmanns bolsévísku byltingarinnar Velímírs Khlebnikov (1885–1922) sem lýsti byltingu bolsévika sem asískri byltingu og taldi Asíu „gegna lykilhlutverki í að gera byltinguna hnatræna sem og tímalausa“.⁵⁰ Til marks um það hversu útbreiddar slíkar hugmyndir voru vísar Lee til skrifna menntamálaráðherra Sovétríkjanna Anatolíjs Lúnatjarskij gegn því að byltingu bolsévika væri lýst sem aldagömlum asískum krafti. Lúnatjarskij taldi mikilvægt að eyða þessari mýtu um að Sovétmenn væru fánaberar nýrra trúarbragða og lagði áherslu á að skrif hans um þessi mál væru lokaorð þessarar umræðu. Engu að síður voru slíkar hugmyndir áfram miðlæggar í menningarlandslagi Sovétríkjanna og einungis tveimur árum eftir lokaorð Lúnatjarskij fór kvikmynd Vsevolods Púdovkóin um afkomanda Genghis Khan sem leiðir byltingu í Mongólíu í dreifingu. Kvikmyndin er mörkuð af hugmyndinni um byltinguna sem forsögulegan kraft — eða storm — úr austrinu.⁵¹ Þótt auðvitað sé blæbrigðamunur á þeim byltingarsinnaða óríentalisma sem finna má í kvikmynd Púdovkóins og skrifum Mariáteguis í Perú sem og skáldsögum á borð við *Heimsljós* og *Yávar fiesta*, þá sýna öll þessi dæmi hversu mikilvægt hlutverk goð-

⁵⁰ Steven S. Lee, *The Ethnic Avant-Garde*, bls. 12. Sjá umfjöllun um Velimir Khlebnikov í Harsha Ram, „The Poetics of Eurasia. Velimir Khlebnikov Between Empire and Revolution“, *Social Identities in Revolutionary Russia*, ritstjóri Madhavan Palat, New York: Palgrave, 2001. Hér birtist einnig ensk þýðing Ram á yfirsingu Khlebnikov.

⁵¹ Steven S. Lee, *The Ethnic Avant-Garde*, bls. 20–21.

sagnar öreigans var innan þessa landslags. Þá gegnir tenging öreigans við jörðina, menninguna, trúarbrögð og aðrar forkapítalískar hefðir mikilvægu hlutverki fyrir hugsun stefnunnar um byltingu, stéttarvitund og hina nýju epík öreigans.

Hópsaga öreigans: Bókmenntir og stéttarvitund

Í febrúar árið 1921 birtist greinin „Towards Proletarian Art“ eftir Michael Gold⁵² í sósíalíska tímaritinu *The Liberator* sem gefið var út í Bandaríkjunum á árunum 1918–1924. Gold átti seinna eftir að verða einn þekktasti höfundur öreigastefnunnar í Bandaríkjunum, einn af fáum sem gaf út öreigaskáldsögu sem náði metsölu og var þýdd á fjölmörg tungumál.⁵³ Greinin markaði nýtt upphaf í sögu róttækra bókmennta í Bandaríkjunum en þar birtist í fyrsta sinn ákall eftir herskáum verkalýðsbókmenntum og -menningu.⁵⁴ Og þótt Gold ætti seinna eftir að afsaka ungæðislegan tón hennar,⁵⁵ þá birtast í henni mörg stef sem áttu eftir að marka öreigastefnuna í bókmenntum og listum. Til að mynda kallar hann eftir því að hið nýja öreigaskáld leiti til eigin stéttar og umhverfis eftir innblæstri og segir að aðferð þessarar nýju hreyfingar verði að vera byltingarsinnuð „frá hinu dýpsta dýpi og upp“.⁵⁶ Í greininni leggur Gold áherslu á, eins og Ivar Lo-Johansson átti seinna eftir að gera í yfirlýsingu sinni um húsmennskuskólann (1938), að skáldsaga öreigastéttarinnar væri enn óskrifuð og tilheyrði framtíðinni. Tæpum áratug seinna kom metsölubók Gold, *Jews without Money* (1930), út. Hún átti eftir að hafa mikil áhrif á öreigabókmenntir í Bandaríkjunum og gerði Gold að helsta talsmanni stefnunnar þar í landi. *Jews without Money* er sjálfsævisöguleg skáldsaga sem segir frá uppvexti Mikey í alræmdum leiguhjöllum (e. *tenements*) á suðausturhluta Manhattaneyju á upphafsáratugum 20. aldar. Bókin byggir á ævi Mikes Gold sjálfs og sögu fjölskyldu hans sem berst við þá fátækt sem beið innflytjenda frá Austur-Evrópu í New York á þessum tíma. Fyrstu drög bókarinnar

⁵² Michael eða Mike Gold er höfundarnafn bandaríska rithöfundarins Itzok Isaac Granich sem ólst upp í leiguhjöllum New York borgar á fyrstu áratugum 20. aldar. Hann tók upp Michael/Mike Gold nafnið áður en hann snérist til kommúnisma en hélt sig þó engu að síður við það nafn allan sinn feril. Hér er vísað til hans sem Mike Gold enda var það nafnið sem hann notaði oftast.

⁵³ Bókin kom út í febrúar 1930 og í október sama ár hafði hún verið prentuð 11 sinnum. Sjá Michael Denning, *The Cultural Front. The Laboring of American Culture in the Twentieth Century*, London: Verso, 2010, bls. 233.

⁵⁴ Michael B. Folsom bendir á þetta í kynningu sinni á greininni í safnríti sem kom út 1972. Sjá Michael Gold, „Towards Proletarian Art“, ritstjóri Michael B. Folsom, New York: International, 1972, bls. 62–70, hér bls. 62.

⁵⁵ Til dæmis lýsti Gold greininni sem mystískri í yfirlýsingu sinni sem var skrifuð tæpum áratug seinna. Sjá Michael Gold, „Proletarian Realism“, bls. 3.

⁵⁶ Michael Gold, „Towards Proletarian Art“, bls. 69.

birtust á síðum ýmissa tímarita, meðal annars í *New Masses*, *The American Mercury* og *The Menorah Journal*. Útgáfunni var svo fylgt úr hlaði með umsögnum frá þekktum höfundum á borð við Upton Sinclair og John Dos Passos.⁵⁷ Seinna sama ár þegar Sinclair Lewis tók við Nóbelsverðlaununum í bókmenntum, sagði hann að höfundar á borð við Mike Gold og William Faulkner væru að færa út landamæri bandarískra bókmennta.⁵⁸

Sem öreigaskáldsaga hefur *Jews without Money* ekki einungis sérstöðu vegna þess hversu vel seldist og hversu jákvæð viðbrögð bókin fékk frá gagnrýndum borgaralegra miðla sem og frá vinstripressunni, heldur einnig vegna þess að sagan inniheldur frásögn af því þegar Mikey öðlast stéttarvitund. Þrátt fyrir að flestar — ef ekki allar — öreigaskáldsögur hverfist á einn eða annan hátt um stéttarvitund þá eru slík umbreytingaraugnablik frekar óalgeng í öreigaskáldsögum tímabilsins. Umbreytingarendir *Jews without Money* hverfist um félagslegan dauða Mikey og endurfæðingu hans sem sögumanns bókarinnar sem fram að þessu hefur sagt söguna og í einstaka tilfellum útskýrt fyrir lesandanum muninn á upplifun sinni af fátæktinni í æsku og því hvernig hann — sem byltingarmaður — skilur aðstæðurnar frá sjónarhorni þess sem hefur öðlast stéttarvitund. Þótt ekki fari mikið fyrir sögumanni *Jews without Money*, hinum eldri Mike sem segir söguna, þá er hann engu að síður alltaf til staðar og það er þessi rödd sem fæðist í lok bókarinnar þegar Mikey heyrir mann á sápuþessu predika boðskap byltingarinnar og „lýsa því yfir að úr örvæntingu, depurð og vonlausri reiði milljóna, hafi heimshreyfing gegn fátækt fæðst“.⁵⁹ Endirinn fylgir fast á hæla frásagnar af því að Mikey hefur misst alla von, er atvinnulaus og stefnir í átt að dauðanum en við það að heyra boðskap byltingarinnar frá manningnum á sápuþessu öðlast hann nýja trú og talar beint til byltingarinnar: „Ó bylting verkamannsins, þú færðir mér von, einmana strák í sjálfsmorðshugleiðingum. Þú ert hinn eini sanni Messías. Þú munt eyða leiguhjöllunum þegar þú kemur og byggja þar garð fyrir hinn fjálsa mannsanda. Ó bylting sem þvingaðir mig til að hugsa, berjast og lifa. Ó nýtt upphaf!“⁶⁰

Messíanískur endir *Jews without Money* hefur leikið stórt hlutverk í viðtökusögu bókarinnar. Árið 1934, til dæmis, benti Granville Hicks sem á þessum árum var vel þekktur marxískur gagnrýnandi, meðlimur í Bandaríska kommúnistaflokknum (CPUSA) og ritstjóri *New Masses*, á það að endirinn birtist lesandanum

⁵⁷ Sjá til dæmis heilsíðuauglýsingu í *New Masses* 5: 10/1930, bls. 17.

⁵⁸ Sjá ræðu Sinclair Lewis, „The American Fear of Literature“, 1930, sótt 24. júlí 2024 af <https://www.nobelprize.org/prizes/literature/1930/lewis/lecture/>.

⁵⁹ Michael Gold, *Jews Without Money*, New York: Public Affairs, 2009, bls. 309.

⁶⁰ Sama rit, bls. 309.

nánast eins og þrjú úr heiðskíru lofti. Hicks ræddi lokaorð *Jews without Money* ásamt bók Jacks Conroy *The Disinherited* frá 1933 og sagði að þótt hvorug sagan væri skáldsaga í borgaralegum skilningi þess orðs þá væri það engu að síður vandamál hvernig þær segðu frá þeirri stund þegar persónur bókanna öðlast stéttarvitund.⁶¹ Í báðum tilfellum væri um að ræða óvænta framvindu og Hicks kvartaði yfir því að „[e]itthvað vantar, vegna þess að annars myndi lesandinn finna að hápunktur bókarinnar fylgdi óumflýjanlega á eftir því sem undan væri farið“.⁶² Í annars jákvæðri umfjöllun brást Hicks því neikvætt við þeim messíanismi sem finna má í lokaorðum *Jews without Money* og taldi þau skorta eiginleika sem tilheyra skáldsögunni. Þannig benti Hicks á eitt helsta vandamál öreigahreyfingarinnar í bókmenntum eða það hversu erfitt það er að setja stéttarvitund í orð í skáldsagnaforminu. Form skáldsögunnar sem slíkrar miðast við hina borgaralegu sjálfsveru og því er erfitt — ef ekki ómögulegt — að segja sögu heillar stéttar innan þess einstaklingsmiðaða forms sem skáldsagan er.

Ein leið til að fást við öreigaskáldsöguna er því sú að nálgast hana sem misheppnaða eða jafnvel ómögulega tilraun eins og raunar Lev Trotskij gerði í bók sinni um bókmenntir og byltingu þegar árið 1924. Öreigamenning, samkvæmt Trotskij, er mótsögn í sjálfu sér vegna þess að aðeins eftir byltingu og áratugi af sósíalískri endurbyggingu samfélagsins getur öreiginn skapað menningu í sínu nafni. Allar tilraunir til þess að skapa slíka menningu stuttu eftir byltingu, hvað þá fyrir byltingu, séu dæmdar til að mistakast.⁶³ Önnur og frjórri leið til að takast á við öreigaskáldsöguna og innbyggðan vanda hennar er að skoða hana sem afurð þess pólitíska og efnahagslega samhengis sem hún sprettur fram í. Eitt helsta kennimerki stefnunnar í bókmenntum er leitin að öreiganum innan staðbundinna aðstæðna eða að staðgengli hans sem gæti tekið það hlutverk sem öreiganum er skipað innan kenningakerfis marxismans. Þetta verkefni öreigaskáldsögunnar kallast á við þróun vestræns marxisma millistríðsáranna en upphaf hans er einatt rakið til útgáfu bókar Georgs Lukács *Geschichte und Klassenbewusstsein* (Saga og stéttarvitund, 1923). Hér setur Lukács mörg af lykillhugtökum tímabilsins fram og gerir tilraun til þess að setja fram fræðilegan grundvöll fyrir stéttarvitund öreigans. Bókin þarfnast ekki nákvæms lesturs til þess að sjá hversu flókið það verkefni er, það er, í skrifum Lukács er stéttarvitund ekki sjálfgefin eða

⁶¹ Jack Conroy (1899–1990) var bandarískur öreigahöfundur. Skáldsaga hans *The Disinherited* (1933) segir sögu ungs drengs sem elst upp í námubæ og tekur þátt í verkfalli námuverkamanna.

⁶² Granville Hicks, „Revolution and the Novel. The Problem of Documentation“, *New Masses* 11: 2/1934, bls. 23–25, hér bls. 24.

⁶³ Leon Trotsky, *Literature and Revolution*, Chicago: Haymarket Books, 2005.

bundin einhvers konar löggengi sögunnar. Þess í stað birtist lesandanum flókið landslag þar sem hugmyndafræði kemur oftar en ekki í veg fyrir að öreigar öðlist stéttarvitund og vakni upp af *hlutgerðum* (þ. *verdinglicht*) svefni sínum.⁶⁴

Í *Geschichte und Klassenbewusstsein* sækir Lukács í *Zur Kritik der Hegelschen Rechtsphilosophie* (Gagnrými á réttarheimspeki Hegels, 1843–1844) þar sem finna má fyrstu skrif Marx um öreigann. Textinn hefur þá sérstöðu að fást beint við það hlutverk sem öreiginn átti seinna eftir að leika innan kenningakerfis marxismans, eða sem byltingarafls sem geti umbreytt samfélaginu í heild sinni. Eins og alkunna er, þá er ekki fjallað um öreigann á þennan hátt í *Auðmagni* (*Das Kapital*, 1867) Marx. Í *Auðmagninu* birtist öreiginn sem og verkalýðsstéttin frekar í sinni félagsfræðilegu mynd, eða sem *stéttin-i-sjálfsu-sér* (þ. *Klasse an sich*), og orðið bylting er miklu fremur notað til þess að lýsa umbreytingum á framleiðslukerfinu en pólitískum byltingum.⁶⁵ Í *Geschichte und Klassenbewusstsein* tekur Lukács upp þráðinn frá Marx í *Zur Kritik der Hegelschen Rechtsphilosophie* og veltir því fyrir sér hvernig öreigastéttin geti orðið að þessu pólitíska afli með tilliti til þeirra félagslegu og sögulegu aðstæðna sem skilyrða vitund öreigans hverju sinni. Skrif Lukács eru ekki einsdæmi frá þessum tíma og má benda á skrif José Carlos Mariátegui sem rædd voru hér að framan sem og auðvitað verk Antonios Gramsci og indverska kommúnistans M.N. Roy og margra annarra sem fengust við það verkefni að endurhugsa pólitíska baráttu í kjölfar sögulegra viðburða á borð við fyrri heimsstyrjöldina, fall Annars alþjóðasambands kommúnista, mexíkósku og rússnesku byltingarinnar — sem eins og áður var getið pössuðu illa við hugmyndir um löggengi sögunnar — áfallsins sem spartakistauppreisnin í Þýskalandi olli, og svona mætti lengi telja.⁶⁶ Í stuttu máli má segja að öreigaskáldsagan sé bókmenntaleg hlið þessarar orðræðu þar sem meginmarkmiðið er að sýna fram á möguleika þess að setja stéttarvitund í orð.

Eins og Lukács gerir í *Geschichte und Klassenbewusstsein* fengust öreigaskáldin við stéttarvitund í skrifum sínum þótt á ólíkan hátt væri. Það gerðu þeir ekki einungis með því að draga upp myndir af messíanískum uppljómunaragnablikum líkt og því sem finna má í lokaorðum *Jews without Money*, heldur má færa rök fyrir

⁶⁴ Georg Lukács, „Geschichte und Klassenbewußtsein“, *Werke. Frühschriften II.*, 2. bindi, Neuwied: Luchterhand, 1977, bls. 161–517.

⁶⁵ Fredric Jameson, *Representing Capital. A Commentary of Volume One*, London: Verso, 2011, bls. 37–38.

⁶⁶ Sjá nánari umfjöllun um þetta í grein minni „Comintern Aesthetics in the Andes. The Indigenous Revolutionary“, bls. 443–473 sem og umfjöllun um M.N. Roy í *Insurgent Imaginations. World Literature and the Periphery*, Cambridge: Cambridge University Press, 2020, bls. 47–83.

Því að form eða heimsmynd öreigaskáldsögunnar hverfist um stéttarvitund. Eins og bent var á í umræðunni um epískar öreigaskáldsögur Halldórs Laxness og Josés Marías Arguedas hér að framan þá er það stéttarvitund sem markar heimsmynd þessara skáldsagna og sú stéttarvitund birtist ekki aðeins í ákveðnum persónum bókanna, heldur í því hvernig byltingin er sett fram sem epískur fundur fjöldans við goðsögn öreigans. Öreigaskáldsaga millistríðsáranna er því afurð sama pólitíska og hugmyndafræðilega landslags og gaf af sér upphaf vestræns marxisma í skrifum Lukács. Enn fremur eru þær hliðstæða skrifa hans og fleiri sem tókust á við ferð öreigans frá sinni félagslegu veru sem *stéttin-í-sjálfri-sér* (þ. *Klasse an sich*) yfir í að leiða byltinga sem *stéttin-fyrir-sjálfa-sig* (þ. *Klasse für sich*). Líkt og flestar — ef ekki allar — öreigaskáldsögur sýna fram á var þetta ferðalag vandkvæðum bundið og vandamálin sem Lukács fékkst við í *Geschichte und Klassenbewusstsein* eru oft sambærileg þeim vandamálum sem öreigaskáldin tókust á við í sínum skrifum.

Í stuttu máli þá reyndist það ekki auðvelt að setja drama stéttarvitundar á svið innan hinnar borgaralegu skáldsögu og það reyndist flókið að segja sögu fjöldans innan þessa forms. Þar sem söguhetja öreigaskáldsögunnar var ekki einstaklingur heldur fjöldinn — eða stéttin — var form hinnar borgaralegu skáldsögu nánast andsnúið viðfangsefninu. Þannig gerðu öreigahöfundarnir ýmsar tilraunir með formið og mátuðu sig við ýmsar undirgreinar skáldsögunnar allt frá þroskasögum, skáldævisögum og félagslegum og sögulegum skáldsögum til vinsælla forma eins og ævintýra- og sakamálasagna og svo mætti lengi telja. Það bókmenntaform sem þó tilheyrir öreigahreyfingunni óskipt er hópsöguformið. Eins og Barbara Foley bendir á þá var hópsagan afurð róttækni bókmennta millistríðsáranna, og þá sérstaklega 4. áratugarins. Foley vísar í orð ritstjóra *Linkskurve*, Otto Biha, sem sagði að hópsagan gæti mögulega gert út af við skáldsöguna og bæri þess merki að öreigaskáldsagan væri að finna sér nýtt form eftir að hafa klæðst lánuðum klæðum skáldsögunnar sem pössuðu henni illa. Samkvæmt Foley einkennist hópsagan af eftirfarandi þáttum: (1) hópurinn er ekki bara summa þeirra einstaklinga sem tilheyra honum, heldur birtist sem afl sögunnar, og hefur annað hlutverk en bara að tengja örlög sögupersónanna saman; (2) hópsagan notast oft við tilraunakenndar aðferðir við að brjóta upp frásögnina; og (3) oft einkennast hópsögur af beinni tengingu við lesandann, til dæmis, eru aðferðir vettfangsfrásagna (þ. *Reportage*) algengar innan þessa forms.⁶⁷ Eina birtingarmynd hópsögunnar má finna í áður nefndum hópsögum sænska

⁶⁷ Barbara Foley, *Radical Representations. Politics and Form in U.S. Proletarian Fiction, 1929—1941*, Durham: Duke University Press, 1993, bls. 398, 400–402.

verkalýðshöfundarins Ivars Lo-Johansson frá síðari hluta fjórða áratugarins. Á þeim tíma þegar hann skrifaði yfirlýsinguna um húsmennskuskólann þróa hann sænska útgáfu af hópsögunni sem ætlað er að ná utan um stétt húsmennskufólks í Svíþjóð. *Statarna I-II* og *Jordproletárerna* eru oft skilgreindar sem safn smásagna en innan samhengis öreigastefnunnar liggur beint við að skilgreina þær sem hópsögur enda hafa sænskir bókmenntafræðingar bent á að í *Statarna I-II* er ákveðin uppbygging og að sögurnar myndi þannig húsmannakróníku eða sögulega epík (s. *statarkrönika, ett historiskt epos*).⁶⁸

Í öreigaskáldsögu brasilísku skáldkonunnar og róttæklingisins Patriciu Galvão, *Parque Industrial: Romance Proletário* (Íðnaðarsvæði: Öreigaskáldaga, 1933), má finna mörg af helstu einkennum hópsögunnar. Útgangspunktur Galvão er textúliðnaður São Paulo borgar og textinn er samsettur úr stuttum hnitmiðuðum skissum sem draga upp mynd af stéttarbaráttunni í borginni á þessum tíma. Galvão beitir fyrir sig aðferð myndasyrpunnar eða klippitækninnar (f. *montage*) og skissunnar til að kortleggja heim öreiganna og baráttu þeirra. Tæknin sem hún notar var nokkuð algeng innan öreigastefnunnar bæði í bókmenntum og listum, og þá sérstaklega — eins og Foley bendir á — innan hópsögunnar. *Parque Industrial* samanstendur þannig af stuttum köflum eða nánast skissum af atvikum sem er ekki raðað í tímaröð né fylgja þær ákveðnum persónum sögunnar. Þá eru fyrrsagnir úr fjölmiðlum, auglýsingar, lýsingar á kvikmyndum, og fleira efni hluti af textanum. Þannig nær *Parque Industrial* utan um ákveðið félagslegt samhengi og dregur upp myndir af stéttarbaráttunni í São Paulo og þeirri togstreitu sem mótar líf öreigans þar. Þrátt fyrir að *Jews without Money* sé fyrst og fremst þroskasaga þá ber hún einnig mörg einkenni hópsögunnar. Kaflar *Jews without Money* eru stuttir og hnitmiðaðir og draga upp mynd af samfélagi gyðinga í leiguhjöllum New York borgar á þessum tíma. Textinn einkennist af snörpum setningum í anda þess sem Gold kallaði eftir í grein sem birtist sama ár og bókin kom út. Þar skrifar hann að markmið öreigaskáldsins sé að nota „[e]ins fá orð og mögulegt er“ því þeir hafi „ekki áhuga á skriflegum loftfimleikum“ sem séu einkenni „borgaralegs iðjuleysis“. ⁶⁹ Þessi snerpa er jafnvel enn meira áberandi í *Parque Industrial* þar sem margar efnisgreinar samanstanda af setningum sem innihalda eitt til tvö orð. Söguþráður *Jews without Money* flakkar fram og til baka í tíma og Michael Folsom bendir á að Gold hafi endurskrifað kafla úr óútfærinni skáldsögu sem skrifuð var í þriðju persónu og breytt þeim í fyrstu-persónu frá-

⁶⁸ Lars Furuland, „Ivar Lo-Johansson och de proletära karolinerna. En studie av novellsamlingen Statarna, främst dess komposition“, bls. 135–136.

⁶⁹ Michael Gold, „Proletarian Realism“, bls. 5.

sögnina sem finna má í *Jews without Money*.⁷⁰ Þótt *Jews without Money*, eins og *Parque Industrial*, segi sögu af fátækt og kúgun þá eru báðar bækurnar uppfullar af þeirri byltingarsinnuðu hjartsýni sem einkenndi þriðja tímabilið.⁷¹ Þessari hjartsýni lýsir Gold vel í yfirlýsingu sinni þegar hann skrifar: „Það er hryllingur og viðbjóður í lífi verkamannsins; og við munum sýna það; en við vitum að það er ekki síðasta orðið; við vitum vel að þessi mykjuhaugur er von framúðarinnar; við vitum að það er ekki svartsýni, heldur byltingarsinnaður kraftur sem mun sópa skítnum úr heiminum til frambúðar“.⁷²

Í umræðu sinni um *Jews without Money*, bendir Michael Folsom á að sjálfsævisaga bókarinnar sé nokkuð sérstök í ljósi þess að aðalpersóna hennar er afmáð og hann segir bókina „ef til vill vera mest sjálfseyðandi sjálfsævisögu sem hafi verið skrifuð“.⁷³ Þannig er hvorki hægt að skilgreina *Jews without Money* sem hreina þroskasögu né sem andþroskasögu, það er sögu þess sem tekur *ekki* út þroska og lærdóm, vegna þess að sagan hverfist um þá stund þegar Mikey öðlast stéttarvitund og hinn ungi Mikey verður að sögumanni sögunnar, sem hefur sagt hana fram að þessu. Þessari stund vakningar fylgir þó einnig að sjálf Mikey og einstaklingsbundin vera hans er afmáð, hann hverfur í haf fjöldans og sameinast stétt sinni í baráttunni og hættir að vera einstaklingur. Í sama ferðalag fer öreigahöfundurinn sem slíkur í öðrum skrifum Mike Gold. Finna má fyrirrennara lokaorða *Jews without Money* í grein Golds þar sem hann lýsir tilurð öreigahöfundarins með sömu orðum og tilurð sögumanns bókarinnar en bætir þó við þessari setningu: „Frá egó-skáldi til hópskáldins, það er hin venjubunda ferð öreigahöfundarins“.⁷⁴

Tilraun hópsögunnar til þess að ná utan um sögu fjöldans, eða öreigastéttarinnar í heild sinni, leysti þó ekki vandamál öreigaskáldsögunnar. Enn vafðist

⁷⁰ Sjá Barbara Foley, *Radical Representations*, bls. 293. Michael B. Folsom, „The Book of Poverty“, *Nation* 202: 9/1966, bls. 242–245, hér bls. 242.

⁷¹ Þótt oft sé fjallað um millstríðsárátímabilið sem eina heild er mikilvægt að hafa í huga að á vinstrivængnum verður þó nokkur stefnubreyting um miðjan 4. áratuginn þegar pólitík samfylkingarstefunnar gegn fasisma er tekin upp. Oft er talað um þriðja tímabilið sem varir þá frá 1928–1935 og um samfylkingartímabilið frá 1935–1940. Á sviði menninga og lista verða nokkur straumhvörf eftir rithöfundapíngið árið 1934 þar sem hugtakið sósíalískt raunsæi var fyrst kynnt til leiks. Þó ber að hafa í huga að slíkar stefnubreytingar náðu oft ekki til jaðarsvæðanna fyrir en mun seinna ef yfirleitt. Fyrir umræðu um hugtakið sósíalískt raunsæi sjá Katerina Clark, *The Soviet Novel. History as Ritual*, Bloomington: Indiana University Press, 2000.

⁷² Michael Gold, „Proletarian Realism“, bls. 5.

⁷³ Michael B. Folsom, „The Education of Mike Gold“, Carbondale: Southern Illinois University Press, 1968, bls. 238–239, 46.

⁷⁴ Michael Gold, *120 Million*, New York: International Publishers, 1929, bls. 7.

það fyrir höfundum að setja stéttarvitundina í orð og í hópsögunni á hún það til að verða að einu kennileiti meðal annarra í landslagi sögunnar í stað þess að móta heimsmynd hennar sem slíkrar. Sem dæmi má nefna hvernig sagt er frá því þegar Matilde öðlast stéttarvitund í *Parque Industrial*. Í stuttu bréfi sem hún sendir baráttukonunni Otavíu segir hún frá því að hún hafi misst vinnuna eftir að yfirmaður hennar hafi áreitt hana kynferðislega. Hún skrifar: „Meira en nokkru sinni fyrr, félagi, finn ég fyrir stéttabaráttunni. Hversu reið og glöð ég er yfir að hafa þessa vitund! Þegar yfirmaðurinn setti mig út á götu fann ég fyrir fullri öreigavæðingu minni, skotið á frest svo oft áður.“⁷⁵ Bókin endar þó á frásögn af örlögum Corínu og falsvitund hennar sem hafnar allri aðstoð og samstöðu frá Otavíu og þeim konum sem eru virkar í baráttunni og endar sem vændiskona. Þrátt fyrir að í bókinni sé sagt frá umbreytingaraugnablikum á borð við það sem finna má í *Jews without Money*, þá eru lokaorð sögunnar frekar svartstítt þar sem Corína skríður upp í rúm með félagi sínum Pepe og „[þ]au tvö, límd hvort við annað, fórnarlömb sama vitundarleysis, skolað á sömu strönd auðmagnsins skríða með saltað poppkorn upp í sama rúm“.⁷⁶ Heimsmynd eða form hópsögunnar er því ekki endilega mótað af stéttarvitund og í ef til vill þekktustu hópsögu tímabilsins, *U.S.A.* Þríleik John Dos Passos, er hún ekki það afl sem drífur frásögnina áfram eða mótar heimsmynd hans. Í þríleik Dos Passos sem inniheldur bækurnar *The 42nd Parallel* (1930), *Nineteen Nineteen* (1932) og *The Big Money* (1936) er það bandaríska þjóðin frekar en verkalýðsstéttin sem er aðalpersóna sögunnar. Og líkt og Georg Lukács benti á í ritgerðinni „Erzählen oder Beschreiben?“ (Frásögn eða lýsing?, 1936), þá á frásagnaraðferð Dos Passos margt skylt með aðferðum James Joyce og hinnar módernísku skáldsögu og afstæðishyggu hennar. Lukács stefnir skrifum Dos Passos gegn verkum Maksím Gorkij og Martins Andersons Nexø og segir þá síðarnefndu brjótast frá hinni lýsandi frásagnaraðferð sem einkenni nálgun Dos Passos og Joyce. Þannig rísi frásagnir Gorkij og Nexø upp úr stéttarbaráttunni sem um leið kalli á framvindu og frásögn í stað þeirrar hlutgerðu lýsingar sem finna megi í skrifum hinna fyrrnefndu höfunda.⁷⁷ Innan hópsöguformsins var því hægt að búa til óendanlega fjölbreyttan en um leið staðnaðan og sögulausan heim. Formið sem slíkt leysti því ekki vandamál öreigaskáldsögunnar en gaf þó mörgum höfundum tæki til að segja sögu fjöldans og ná utan um stærri þjóðfélagsleg samhengi en rúmast innan hinnar hefðbundnu borgaralegu skáldsögu.

⁷⁵ Patrícia Galvão, *Parque Industrial*, Rio de Janeiro: José Olympio, 2006, bls. 105.

⁷⁶ Sama rit, 122.

⁷⁷ Georg Lukács, „Erzählen Oder Beschreiben?“, *Essays Über Realismus*, Neuwied: Luchterhand, 1971, bls. 97–142.

Eftirmáli öreiganna

Árið 1940 lýsti Mike Gold því yfir að barátta öreigabókmenntanna væri nánast unnin og hann skrifar að menning og skáldverk „uppfull af anda öreigans hafa brotið niður múra borgaralegrar einokunar á bókmenntum“. Hann tók dæmi af nýútkomnum skáldsögum: *The Grapes of Wrath* (*Þrúgur reiðinnar*, 1939) eftir John Steinbeck og *Native Son* (Sonur þjóðarinnar, 1940) eftir Richard Wright og sagði þær til marks um að öreigastefnan væri loks að gefa af sér stórvirki á menningarsviðinu.⁷⁸ Það er ef til vill kaldhæðnislegt að Gold skuli fagna sigri öreigastefnunnar svo stuttu fyrir endalok hennar. Aðeins fjórum árum síðar átti Richard Wright — sem Gold sagði í greininni frá 1940 að væri tengdur öreigahreyfingunni með naflastreng⁷⁹ — eftir að slíta öll tengsl við hreyfinguna og skrifa ritgerðina „I tried to be a communist“ („Ég reyndi að vera kommúnisti“).⁸⁰ Greinin var síðar prentuð í ritgerðasafni Richards Crossman *The God that Failed* (*Guðinn sem brást*, 1949), bók sem markaði að mörgu leyti upphaf kalda stríðsins á vettvangi bókmenntanna og lagði grunn að stofnun andkommúnísku samtakanna Congress for Cultural Freedom (CCF) árið 1950. Tímabili öreigahreyfingarinnar var þó ekki aðeins lokið innan bókmenntaheimsins heldur einnig, og jafnvel miklu frekar, á hinu pólitíska og efnahagslega sviði. Eftir lok síðari heimsstyrjaldarinnar (1939–1945) og við upphaf 6. áratugarins hefst tímabil efnahagslegs stöðugleika, „gullöld“ eftirstríðsáranna eins og Robert Brenner lýsir tímabilinu.⁸¹ Eftirstríðsárin einkenndust af fordæmalausum hagvexti og gróða vestrænna samfélaga sem leiddi til þess að gerðar voru ákveðnar mála- miðlanir við verkalýðshreyfinguna. Þar með lýkur tímabili þess pólitíska og efnahagslega óstöðugleika sem einkenndi 3. og 4. áratuginn og rekja má til kreppu auðmagnsins og þess að yfirráð (e. *hegemony*) yfir auðsöfnun heimsins sköruðust.

⁷⁸ Michael Gold, „Change the World. The Great Tradition. Can the Literary Renegades Destroy it“, *Daily Worker* 18. nóvember–10. desember 1940, [bls. vantar]. Annars staðar skrifaði Gold að bækurnar væru dæmi þess að loksins ættu amerískar öreigabókmenntir „tvö meistaraverk“. Michael Gold, „Change the World. Dick Wright Gives America a Significant Picture in „Native Son““, *Sunday Worker* 31. mars 1940, bls. 7. *Þrúgur reiðinnar* kom út á íslensku 1943: John Steinbeck, *Þrúgur reiðinnar*, þýðandi Bjarman Stefán, Reykjavík: Mál og menning, 1943.

⁷⁹ Michael Gold, „Change the World“, [bls. vantar].

⁸⁰ Richard Wright skrifaði greinina upphaflega fyrir tímaritið *Atlantic Monthly*. Hún kom út í tveimur hlutum, í ágúst- og septemberblöðum ársins 1944: Richard Wright, „I Tried to be a Communist“, *Atlantic Monthly* 159/1944. Sjá íslenska þýðingu í *Guðinn, sem brást: sex staðreyndir um kommúnisma*, þýðandi Hersteinn Pálsson, Reykjavík: Stuðlaberg, 1950.

⁸¹ Robert Brenner, *The Economics of Global Turbulence. The Advanced Capitalist Economies from Long Boom to Long Downturn, 1945-2005*, London: Verso, 2006, bls. xxvi.

Á millistríðsárunum var framtíð auðvaldsskipulagsins með öllu óljóst og erfitt að spá því hvaða þjóðríki eða heimsveldi myndi taka við þeirri stöðu sem breska heimsveldið hafði haft á 19. öld. Við lok seinni heimsstyrjaldarinnar var hins vegar óumdeilanlegt að Bandaríkin hefðu leiðandi pólitíska og efnahagslega stöðu, eða, með orðalagi heimskerfafræðanna (e. *world-systems theory*) hefðu tryggt sér yfirráð yfir auðsöfnun heimsins.

Í samhengi þess pólitíska og efnahagslega óstöðugleika sem einkenndi milli-stríðsaráttumabilið á heimsvísu var mögulegt að sjá fyrir sér að hin landlausa stétt öreiganna myndi hrifsa til sín völd og umbreyta framleiðslukerfi heimsins og samhliða því leggja undir sig svið menningarinnar. Pólitísk róttækni og bókmenntalegur armur öreigastefnunnar mótast því mjög af skörun heimskerfa (e. *world—system*) eða því tímabili sem Giovanni Arrighi skilgreinir sem skörun vorsins (upphafs) og haustsins (endaloka) í hringrás auðsöfnunartímabila (e. *accumulation cycles*).⁸² Byltingarsinnuð bjartsýni tímabilsins og það inngríp í söguna — rof hennar — sem til dæmis rússneska byltingin táknaði fyrir róttæklinga um allan heim skýrist að miklu leyti af þessu samhengi. Þannig má snúa á hvolf þeirri viðteknu skoðun bókmenntafræðinnar að fagurfræði eftirstríðsáranna einkennist af opnun bókmenntaforma sem nái hámarki á póstmódernískum tímum þegar skáldsagan leysist upp og mörkin á milli ólíkrar fagurfræði þurrkast út. Það má allt eins spyrja hvort saga 20. aldarinnar mótist ekki af nokkurs konar lokun bókmenntanna, eða því menningarástandi sem skapast þegar allsherjar umbreytingar á pólitískum og efnahagslegum kerfum virðast ómögulegar. Þetta á auðvitað sérstaklega vel við tímabilið eftir fall Sovétríkjanna og með þeim endalokum annars heimsins, tímabils sem oft er kennt við nýfrjálshyggju og endalok sögunnar. Upphaf þessa menningarástands má þó rekja til fyrstu ára kalda stríðsins eins og Fredric Jameson gerði í þekktri ritgerð sinni „Postmodernism, or, the Cultural Logic of Late Capitalism“ („Póstmódernismi eða menningarleg rökvísi síðkapítalismans.“)⁸³

Fjölmarginir rithöfundar sem höfðu tekið þátt í starfi öreigahreyfingarinnar á 3. og 4. áratugnum sögðu skilið við stefnuna á 5. og 6. áratugnum. Slíkir viðskilnaðir voru ekki átakalausir og sem dæmi má nefna að metsöluhöfundurinn Richard Wright lagði frá sér handrit sem hann hafði unnið að undir lok 4. áratugarins undir titlinum „Slave Market“ („Þrælamarkaður“) og seinna „Black

⁸² Hér er einkum stuðst við Giovanni Arrighi, *The Long Twentieth Century. Money, Power and the Origins of Our Times*, London: Verso, 1996.

⁸³ Fredric Jameson, „Póstmódernismi eða menningarleg rökvísi síðkapítalismans“, þýðandi Magnús Þór Snæbjörnsson, *Af Marxisma*, ritstjórar Viðar Þorsteinsson og Magnús Þór Snæbjörnsson, Reykjavík: Nýhil, 2009.

Hope“ („Svört von“). Handritið sem telur yfir 900 blaðsíður er til í tveimur útgáfum og annarri þeirra tilheyrja þrjú ólík uppköst. Viðfangsefni *Black Hope* var samkvæmt bréfi Wrights til útgefanda síns ferðalag „konu frá lénsveldi til fasisma“ og hann byggði bókina á 150 ítarlegum viðtölum við svartar þjónustukonur í New York á þessum tíma, sem og rannsóknarvinnu sem inniheldur m.a. auglýsingar og umfjöllun um málefni þessa hóps úr fjölmiðlum.⁸⁴ Þegar Richard Wright skrifaði „I Tried to Be a Communist“ og skar þar með á naflastrenginn sem Mike Gold sagði að tengdi hann við öreigastefnuna, lagði hann einnig frá sér þetta handrit sem hann hafði unnið að samhliða ljósmynda-heimildabókinni (e. *photodocumentary book*) *12 Million Black Voices (12 milljónir svartra radda)*, (1941). Eins og margir höfundar af þessari kynslóð sagði Wright þó ekki skilið við pólitík og sneri sér þess í stað að málefnum þriðja heimsins og afnýlenduhreyfingum eftirstríðsáranna. Hann tók meðal annars þátt í Bandung-ráðstefnunni árið 1955 og ferðalag hans var styrkt af samtökum sem seinna kom í ljós að voru á vegum CIA.⁸⁵ Sú ráðstefna dró að sér þátttakendur víðs vegar að úr heiminum og markaði upphaf óháðu hreyfingarinnar svokölluðu (e. *non-aligned movement*).

Skýr skil við öreigahreyfinguna voru þó ekki algild og margir höfundar færðust frá hreyfingunni á hljóðlátari hátt. Þá einkenna pólitískar og fagurfræðilegar krísur feril margra höfunda á þessum tíma og kreppur á borð við þá sem Halldór Laxness tókst á við á 6. og 7. áratugnum þegar hann leitaði að nýjum frásagnarstíl eða nýju bókmenntaformi sem gæti komið í stað félagsskaldsögunnar eru ekki einsdæmi.⁸⁶ Margir af þeim höfundum sem höfðu verið undir áhrifum frá öreigahreyfingunni og jafnvel tekið virkan þátt í henni komu út úr slíkum krísum með nýjan frásagnarstíl og jafnvel ný bókmenntaform. Það eru þessi bókmenntaform

⁸⁴ Barbara Foley vísar til bréfsins til útgefanda Wright og gefur mjög gott yfirlit fyrir innihald handritsins sem er varðveitt á Beinecek Rare Books and Manuscript Library við Yale háskóla í New Haven. Sjá Barbara Foley, „A Dramatic Picture ... of Woman From Feudalism to Fascism“. Richard Wright's „Black Hope“, *Obsidian* 11: 2/2010, bls. 43–54. Ásamt ólíkum útgáfum handritsins má finna rannsóknarvinnu Wright fyrir bókina sem meðal annars inniheldur samansafn af umfjöllun og auglýsingum um fegurðariðnað þessa tíma og þá sérstaklega umfjöllun um hvíttun á húðlit. Sagan hverfist að mörgu leyti um þá umbreytingu sem verður á högum einnar af aðalpersónu bókanna þegar henni tekst að breyta húðlit sínum úr svörtum í hvítan.

⁸⁵ Eins og Roberts og Foulcher benda á þá hefur viðtökusaga Richards Wright einkennst af því að þessum upplýsingum um fjármögnun ferðar Wright er ýtt til hliðar og gert lítið úr mikilvægi hennar. Sjá Brian Russell Roberts og Keith Foulcher, *Indonesian Notebook. A Sourcebook on Richard Wright and the Bandung Conference*, Duke University Press, 2016, bls. 16–17.

⁸⁶ Sjá umfjöllun Hauks Ingvarssonar í *Andlitsdrættir samtíðarinnar. Síðustu skáldsögur Halldórs Laxness*, Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag, 2009.

eftirstríðsáranna sem náðu sterkri stöðu innan hefðarveldis þjóðarbókmennta 20. aldar og þá oft í mjög flóknu og stundum trúamatísku sambandi við öreigaskáldsögu millistríðsáranna. Á tímum kalda stríðsins voru ýmsir höfundar *lesnir frá* hinu rauða tímabili 3. og 4. áratugarins, oft með virkri þátttöku höfundanna sjálfra. Ævisaga perúíska höfundarins José María Arguedas sem fjallað var um hér að framan verður einmitt til á 6. áratugnum. Arguedas var *mestizo*⁸⁷ sem skilgreindi sjálfan sig sem hluta af samfélagi frumbyggja Perú vegna sérstæðrar æsku sinnar. Hann ólst upp að miklu leyti á meðal þjónustufólks sem bjó á landareign föður hans og lærði því tungumál frumbyggja svæðisins. Sem mannfræðingur safnaði hann saman sögum þeirra og menningu og gaf út á bók. Eins og Estelle Tarica leggur áherslu á þá varð sá sjálfsskilningur Arguedas að hann tilheyrir óskiptur samfélagi frumbyggja ekki til fyrr en á 6. áratugnum.⁸⁸ Sá áratugur er einnig sá tími þegar Arguedas byrjar að skilgreina fyrri verk sín — *Agua* 1935 og *Yawar fiesta* 1941 — sem forleik seinni verka hans þar sem hann þróar tungumál eða frásagnarstíl sem fléttar saman tungumáli frumbyggja og spænsku.⁸⁹ Á sama tíma leysist upp form hinnar raunsæju skáldsögu sem hann hafði áður fengist við í skrifum sínum, til dæmis *Yawar fiesta*, og sjónarsvið skáldsagna hans stækkar með hverri bók. Þannig verður til eins konar þroskasaga Arguedas sem fellur saman við þroskasögu perúískra þjóðarbókmennta, frá raunsæisstefnu millistríðsáranna og yfir í móderníska og jafnvel póstmóderníska skáldsögu eftirstríðsáranna.

Töfraraunsæi suður-amerískra bókmennta eftirstríðsáranna passar illa við þróun og fagurfræði kalda stríðs módernismans og þá sérstaklega þegar horft er til þessara hefða frá sjónarhóli evrópskra eða bandarískra bókmennta á þessum tíma. Neil Larsen dregur þó fram undirtexta kalda stríðsins í töfraraunsæi eftirstríðsáranna og tekur sem dæmi tilurð skáldsögunnar *Gabriela, Cravo e Canela* (*Gabriella, negull og kanill*, 1958) eftir brasilíska rithöfundinn Jorge Amado (1912–2001). Á millistríðsárunum var Amado róttækur kommúnisti sem skrifaði bæði tilraunakenndar öreigaskáldsögur og hefðbundnari raunsæisskáldsögur. Hann tók virkan þátt í öreigahreyfingunni í bókmenntum sem og pólitík í heima-

⁸⁷ Hugtakið *mestizo* nær utan um þá sem geta rakið ætterni sitt og uppruna til hvoru tveggja afkomenda spænsku nýlendustefnunnar og frumbyggja.

⁸⁸ John C. Landreau, „Hacia una relectura de la leyenda autobiográfica de José María Arguedas“, *Mabel Moraña, Pittsburgh. Instituto internacional de literatura iberoamericana*, 1998, bls. 212–214. Estelle Tarica, *The Inner Life of Mestizo Nationalism*, Minneapolis: University of Minnesota Press, 2008, bls. 83–84.

⁸⁹ Sjá til dæmis vel þekktan inngang sem Arguedas skrifaði fyrir endurútgáfu á *Yawar fiesta* og oft er vísað til þar sem þessi skilgreining hans á fyrri verkunum er sett fram. Inngangurinn birtist fyrst sem grein árið 1950 en sá inngangur sem fylgir oftast útgáfu *Yawar fiesta* var uppfærður árið 1968. Sjá José María Arguedas, „La novela y el problema de la expresión literaria en el Perú“, *Mar del Sur* 3: 9/1950.

landi sínu sem leiddi til þess að hann flúði í útleigð. Þá var hann virkur í Suður-Ameríkuarmi Heimfriðarhreyfingarinnar ásamt höfundum á borð við chileska þjóðarskáldið Pablo Neruda (1904–1973), vann bókmenntaverðlaun Stalíns 1951, og svona mætti lengja telja. Larsen bendir á að í kjölfar ræðu Níkítas Khrústsjov, sem hann flutti á þingi kommúnista 1956, hafi Amado skrifað opið bréf þar sem hann kallaði eftir umræðu um efni ræðunnar. Eftir birtingu bréfsins þagnar Amado og sú þögn var ekki rofin fyrir en með útgáfu *Gabriela, Cravo e Canela* árið 1958, skáldsögu sem varð að metsölubók og veitti Amado inngöngu í bókmenntakerfi brasilísku borgarastéttarinnar.⁹⁰ Í *Gabriela, Cravo e Canela* kveður við nýjan tón í verkum Amado og hann færirst frá þeirri pólitísku róttækni sem einkenndi fyrri verk hans og Larsen heldur því fram að í henni komi fram mörg þau atriði sem áttu eftir að einkenna töfraraunsæið. Þannig staðsetur Larsen töfraraunsæi búmmskáldsögunnar⁹¹ innan menningarlandslags kalda stríðsins og rekur rætur þess til öreigahreyfingar millistríðsáranna.

Denning lýsir einnig tengslum töfraraunsæisins við öreigastefnuna vel í lok greinar sinnar um alþjóðasamband skáldsagnahöfunda þegar hann tekur dæmi af skáldsögu Gabriels García Márquez *Cien años de soledad* (*Hundrað ára einsemd*, 1967) og segir að frásögn hennar hverfist að mörgu leyti um sögulegt verkfall bananaverkamanna í Kólumbíu árið 1928, eða öllu heldur, minninguna um það.⁹² Ólíkt bananapríleik Miguels Ángel Asturias⁹³ gerir García Marquez enga

⁹⁰ Neil Larsen, *Reading North By South. On Latin American Literature, Culture, and Politics*, Minneapolis: University of Minnesota Press, 1995, bls. 64–78.

⁹¹ Hugtakið *rómansk-ameríska búmmið* (sp. *Boom latinoamericano*) er vel þekkt í bókmennta- og ræðu Rómönsku Ameríku. Það nær til tímabilsins frá um 1960 til um 1980 þegar fjölmargir höfundar Rómönsku Ameríku fengu mikla athygli á alþjóðlegum vettvangi og bækur þeirra voru þýddar og seldar um allan heim. Höfundar á borð við argentínska höfundinn Julio Cortázar, mexíkanska höfundinn Carlos Fuentes, perúska höfundinn Mario Vargas Llosa og kólumbíska höfundinn Gabriel García Márquez voru taldir tilheyra nýrri kynslóð sem hefðu þróað *hina nýju frásögn Rómönsku Ameríku* (sp. *la nueva narrativa latinoamericana*) sem er einnig frasi sem oft heyrðist um skrif þessarar kynslóðar. Sjá til dæmis bókina *Más allá del boom: literatura y mercado* (1981) þar sem helstu bókmenntafræðingar Rómönsku Ameríku á þessum tíma tókust á við nýju skáldsöguna og búmm-hugtakið. David Viñas ritstjóri, *Más allá del boom: literatura y mercado*, México: Marcha Editores, 1981.

⁹² Verkfallið er sögulegt verkfall sem átti sér stað árið 1928 þegar landbúnaðarverkamenn sem unnu fyrir bandaríska fyrirtækið United Fruit Company lögðu niður störf. Í desember söfnuðust verkamenn og fjölskyldur þeirra saman á torgi þar sem kólumbíski herinn tók á móti þeim og stráfélldi. *Hundrað ára einsemd* kom fyrst út á íslensku árið 1978 í þýðingu Guðbergs Bergssonar. Gabriel García Márquez, *Hundrað ára einsemd*, Reykjavík: Mál og menning, 1978.

⁹³ Þríleikur Miguel Ángel Asturias telur bækurnar *Viento fuerte* (Sterkur vindur, 1950), *El Papa Verde* (Græni páfínn, 1954) og *Los ojos de los enterrados* (Augu hinna jarðsettu, 1960).

tílaun til þess að segja frá verkfallinu eða framvindu þess. Þess í stað er lögð áhersla á það hvernig verkfallið og fjöldamorðið sem fylgdi bælingu þess eru öllum í sögunni, nema José Arcadio Segundo, gleymd. Þannig er „*Hundrað ára einsemd* gott dæmi um krísu þeirrar bókmenntalegu þrár að fjalla um verkamennina sem höfðu gefið bókmenntum heillar kynslóðar af alþýðuhöfundum líf og tílaunarinnar til að bera vitni um þá þrá“.⁹⁴

Staðsetning töfraraunsæisins innan pólitísks landslags eftirstriðsáranna er margslungin og í þessu samhengi er oft talað um tengsl þessarar fagurfræði við þriðja heims pólitík tímabilsins, afnýlenduhreyfingar 6. og 7. áratugsins, Kúbönsku byltinguna 1959, sem og ýmsa menningarviðburði, t.d. Bandung-ráðstefnuna 1955 og menningarráðstefnuna í Havana 1968 (sp. *Congreso Cultural de La Habana*). Í stuttu máli má sjá hina *alþjóðasinnuðu þjóðernishyggju* (e. *internationalist nationalism*) sem Vijay Prashad notar til að lýsa Bandung-hreyfingunni, í bókmenntum eftirstriðsáranna.⁹⁵ Til að mynda mætti setja verk Halldórs Laxness í samhengi við þetta landslag og sjá hvernig þjóðin tekur við hlutverki öreigans í skáldsögum hans frá þessu tímabili, í *Íslandsklukkunni* (1943) og *Atómstöðinni* (1948). Í töfraraunsegi eftirstriðsáranna er það einmitt þjóðin sem frásögnin hverfist um eða eins og Jameson dró fram þegar hann skilgreindi bókmenntir þriðja heimsins sem *þjóðlegar allegortur* (e. *national allegories*).⁹⁶ Form þjóðfélagslegasinnaðra bókmennta tímabilsins einkennast því af þeirri breytingu sem verður á hlutverki fjöldans og hvernig hann er skilgreindur á forsendum sjálfstæðra þjóða í stað alþjóðlegrar öreigastéttar áður, eða, öllu heldur, þjóða á útnárum eða jöðrum pólitískra og efnahagslegra kerfa þessa tíma.

Denning leggur í skrifum sínum áherslu á tengsl bókmennta við öreigahreyfingar 3. og 4. áratugarins sem voru á þeim tíma þegar hann skrifar oft gleymdar og afskrifaðar. Þetta á auðvitað sérstaklega vel við bandaríska bókmenntasögu sem hampaði ekki róttækum armi sinna bókmennta á tímum kalda stríðsins og eins og Barbara Foley kemst að orði þá er „hin mikla þátttaka svartra Bandaríkjamanna í vinstrisinnadri pólitík [...] eitt best geymda leyndarmál bandarískrar sögu“.⁹⁷ Þá hafa nýlegar rannsóknir á alþjóðlegum bókmenntakerfum 20. aldar

Ángel Asturias fékk bókmenntaverðlaun Leníns árið 1960 og bókmenntaverðlaun Nóbels árið 1967 eða sama ár og *Hundrað ára einsemd* var gefin út.

⁹⁴ Michael Denning, *Culture in the Age of Three Worlds*, bls. 72.

⁹⁵ Sjá Peter J. Kalliney, *The Aesthetic Cold War*, bls. 86.

⁹⁶ Fredric Jameson, „Third-World Literature in the Era of Multinational Capitalism“, *Social Text* 15/1986.

⁹⁷ Barbara Foley, *Spectres of 1919. Class and Nation in the Making of the New Negro*, Urbana: University of Illinois Press, 2003, bls. viii.

var það ljósi á samband þriðja heims pólitíkur og bókmennta við annan heiminn. Til að mynda hefur Rossen Djagalov bent á rætur eftirlendufræðanna í alþjóðahreyfingum vinstrisins og Monica Popescu hefur fjallað um afrískar bókmenntir kalda stríðsins og margvísleg tengsl þeirra við menningarkerfi annars heimsins á tíma kalda stríðsins. Djagalov og Popescu hafa bæði lagt áherslu á þá blindu sem einkennir sjónarhorn eftirlendufræða samtímans þegar kemur að nálgun þeirrar fræðagreinar á bókmenntir kalda stríðsins og þau áhrif sem alþjóðasinnaða bókmenntakerfið hafði á þær. Þessi tengsl eru ekki greinanleg frá sjónarhorni þeirrar bókmenntafræði sem gengur út frá því að heimsbókmenntakerfi 20. aldar hafi snúist um höfuðborg Frakklands, París, og að Nóbelsverðlaunin séu æðsti mælikvarði á bókmenntalegt gildi.⁹⁸

Sjónarhorn rauðu heimsbókmenntafræðanna opnar því upp nýja sýn á landslag eða landafræði bókmenntakerfisins og þau margvíslegu tengslanet sem því tilheyrði samtímis því að opna upp nýja sýn á sögulega þróun bókmennta og það hvernig töfraraunsæi eftirstríðsáranna er bundið öreigastefnu millistríðsáranna sterkum böndum, og svo aftur hvernig samtímabókmenntir standa í flóknu sambandi við þessar hefðir og bælingu þeirra. Þegar kemur að því að fást við rauðar heimsbókmenntir á útnárum slíkra kerfa og þá sérstaklega umræður um form þeirra, eru kenningar brasilíska bókmenntafræðingsins Roberto Schwarz gagnlegar þar eð hann tekst á við tengsl bókmenntaforma við misgenga þróun samfélaga á jadrinum. Segja má að Schwarz setji jaðarsnúning á bókmenntakenningu Georg Lukács og þá tímabilaskiptingu sem liggur kenningu hans til grundvallar. Sem dæmi má nefna að Schwarz bendir í umræðu sinni um brasilískar og rússneskar 19. aldar bókmenntir á að endalok hinnar sögulegu skáldsögu sem Lukács staðsetur við byltingarárið 1848 eigi ekki við í jaðarsamfélögum þess tíma þar sem þróun hins borgaralega samfélags og hugsunar er allt öðruvísi. Misgengi þróunar í samfélögum á borð við Brasilíu og Rússland geri það að verkum að tímabilaskiptingin sem Lukács vinnur með á ekki við raunseisbókmenntir þessara landa á 19. öld. Án þess að hafna kenningu eða tímabilaskiptinu Lukács í grundvallaratriðum, vinnur Schwarz með hana og tekur inn áhrif misgengrar (e. *uneven*) og um leið margþættrar (e. *combined*) þróunar á hana. Frá sjónarhorni aðferðafræði eða bókmenntakenninga er mikilvægt að setja jaðra hvers tíma í samhengi við ríkjandi tímabil og sjá þá sem afurð þróunar, ekki andstöðu eða efirhreytur liðinna tíma. Með öðrum orðum er nauð-

⁹⁸ Sjá Rossen Djagalov, „The Zone of Freedom? Differential Censorship in the Post-Stalin-era People’s Republic of Letters“, *The Slavonic and East European Review* 98: 4/2020, bls. 601–631; Rossen Djagalov, *From Internationalism to Postcolonialism*; Monica Popescu, „Afro-Asian Internationalism“; Monica Popescu, *At Penpoint*.

synlegt að *tímasetja jaðrana* (e. *periodize the periphery*) til þess að ná utan um virkni jaðarsvæða á hverjum tíma. Þótt það sé freistandi að beita skrifum Schwarz á öreigaskáldsögu millistríðsáranna og halda því þá fram að hún sé eins og brasilískt 19. aldar raunsæi Machado de Assis og geymi þannig í sér epíkina sem Lukács sá forðum í sögulegu skáldsögunni og tengdi við borgaralegu byltinguna, þá væri sú greining úr stað. Lykilatriði hér er að hinar borgaralegu byltingar náðu ekki til múgsins í jaðarsamfélögum 19. aldar, ekki á sama hátt og þær höfðu gert í Evrópu fyrir 1848, og það er þess vegna sem innleiðing borgaralegrar hugmyndafræði er nánast farsakennd á jöðrunum, eða úr stað.⁹⁹ Þegar kemur að róttækri pólitík á jaðarsvæðum 20. aldarinnar — sem á eftirstríðsárunum voru kölluð þriðji heimurinn en eru í dag oft nefnd *hnattræna suðrið* (e. *global south*) — er almúginn beinn þátttakandi í baráttunni. Að minnsta kosti er kallað til hans sem slíks. Öreigar jaðrana og skáldsaga þeirra voru því beinir þátttakendur í yfirstandandi byltingu eða því sem mætti kalla heimsbyltingu í bígerð og átti að sameina stétt heimsöreigans í því að byggja upp nýtt og réttlátt samfélag.

ÚTDRÁTTUR

Greinin fjallar um öreigaskáldsögu millistríðsáranna og hvernig höfundar á jaðri hins sósíalíska menningarkerfis tókust á við það verkefni að skrifa heimsbókmenntir í nafni heimsöreigans. Greinin kynnir nýtt rannsóknarsvið sem tekur til hins sósíalíska bókmenntakerfis á 20. öld og tengsla þess við önnur bókmenntakerfi sem og þróun þess í ólíkum heimshlutum. Greinin fæst við nokkur meginþemu sem höfundar fengust við í öreigabókmenntum millistríðsáranna og setur þau í samhengi við þá sögulegu, efnahagslegu og pólitísku þróun sem mótaði hreyfinguna.

Lykilorð: öreigaskáldsagan, hópsagan, jarðöreiginn, epík, millistríðsárin

⁹⁹ Neil Larsen, *Determinations: Essays on Theory, Narrative, and Nation in the Americas*, London: Verso 2001, bls. 115–126.

ABSTRACT

The Proletarian Novel and Peripheral World Literature

This paper discusses the interwar proletarian novel and how authors positioned peripherally vis-à-vis the socialist literary system engaged with the project of writing world literature in the name of the world proletariat. The essay introduces a new research area that focuses on the socialist literary system of the 20th century and its connections with other literary system and development in different parts of the world. This discussion takes on the main themes that the authors of proletarian novels engaged with during the interwar period and looks at the historical, economic, and political development that surrounded the making of the proletarian novel.

Keywords: Proletarian Novel, Collective Novel, earth-proletariat, epic, interwar period

ANNA BJÖRK EINARSDÓTTIR

Dósent í almennri bókmenntafræði við NTNU-Þrándheimi

